

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 18. ágúst 2022

Mál nr. S-19/2022:

Héraðssaksóknari

(*Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari*)

(*Gunnhildur Pétursdóttir lögmaður og réttagæslumaður*)

gegn

X

(*Jón Jónsson lögmaður*)

Dómur.

I.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 2022, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 17. febrúar sl., á hendur X, kennitala [...], [...], [...]:

„fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni, A, kt. [...], á árunum 2010-2018, þegar stúlkan var sex til fjórtán ára gömul, með því að beita hana ólögmetri nauðung þar sem ákærði nýtti sér yfirburði sína gagnvart stúlkunni og traust hennar og trúnað sem föður, svo sem hér greinir:

1. Nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa í fjölda skipta áreitt hana kynferðislega og haft við hana önnur kynferðismök en samræði, á þáverandi heimili þeirra að [...], [...], en ákærði káfaði ítrekað á kynfærum stúlkunnar innanklæða, sleikti á henni kynfærin og setti fingur í leggöng hennar, lét hana snerta getnaðarlim sinn, fróa sér og eiga við sig munnmök og lét hana sitja klovvega ofan á sér á gólfinu inn á baðherbergi er þau voru bæði nakin og þannig nuddað getnaðarlim sínum við ber kynfæri hennar.

2. Nauðgun og kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa í eitt skipti á árunum 2016 eða 2017, er stúlkan var tólf eða þrettán ára, í sumarhúsi að [...]í [...], farið með fingur í leggöng hennar og nuddað á henni kynfærin innanklæða.

Teljast brot ákærða samkvæmt ákærulið 1. varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áður 1. og 2. mgr. 200. gr. sömu laga að því er varðar þau skipti sem áttu sér stað fyrir 26. mars 2013, og 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt ákærulið 2.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd B, kt. [...], vegna ólögráða dóttur hennar A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. janúar 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða þóknun vegna réttargæslu að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun.“

3. Af hálfu réttargæslumanns brotaþola voru við aðalmeðferð málsins gerðar sömu kröfur og í ákæru greinir, en að auki krafðist hann endurgreiðslu að fjárhæð 346.375 krónur, en þá án vaxta.

4. Ákærði neitar sök og hafnar bótakröfu.

Dómkröfur skipaðs verjanda, Jóns Jónssonar lögmanns, eru þær aðallega að ákærði verði sýknaður af refsikröfu, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa.

Þá krefst verjandinn þess fyrir hönd ákærða að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af kröfunni, en til þrautavara að krafan verði lækkuð.

Loks krefst verjandinn þess fyrir hönd ákærða að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, en til vara að hluta til.

II.

1. Samkvæmt gögnum verður upphaf lögreglurannsóknar þessa máls að nokkru rakið til þess að miðvikudaginn 23. september 2020 tilkynnti vitnið B, [...] á [...], símleiðis til barnaverndarnefndar á [...], að dóttir hennar, brotaþolinn A, fædd [...], hefði kvöldið áður í sumarhúsi stórfjölskyldunnar að [...]upplýst um að faðir hennar, ákærði í máli þessu, hefði beitt hana kynferðisofbeldi um árabil.

Fyrir liggur að síðar þennan dag, kl. 17:24, tilkynnti vitnið B í símtali við lögregluna á [...]um hið sama sakarefni.

Samkvæmt frumskýrslu og dagbók lögreglu var þegar brugðist við nefndu erindi og fóru tveir lögreglumenn frá [...]á dvalarstað mæðgnanna og er m.a. skráð að þar á vettvangi hafi lögregluvarðstjóri hlýtt á frásögn móðurinnar og í framhaldi af því m.a. skráð að nokkru frásögn hennar um hin ætluðu brot ákærða.

Hinn 24. september 2020 ritaði starfsmaður barnaverndarnefndar á [...] kærubréf til lögreglu og krafðist rannsóknar á kæruefni. Í bréfinu er m.a. vísað til þess að nefndan dag hefði móðir brotþola, B, komið til viðtals og lýst kæruefninu frekar, en jafnframt greint frá aðdraganda þess að brotþoli skýrði frá hinu ætlaða athæfi ákærða. Í bréfinu er mælt til þess að væntanleg yfirheyrsla yfir brotþola fari fram í Barnahúsi, og er að því leyti m.a. vísað til „fyrri vinnslu málsins.“

Í nefndum gögnum er m.a. haft eftir vitninu B að nokkrum dögum fyrir umrædda atburði hafi það ásamt brotþola verið að líta yfir bankareikning þeirrar fyrrnefndu og hafi þær við þá skoðun komist að því að ákærði hafði í óleyfi, á árunum 2019 og 2020, tekið út fjármuni. Hafi hin samanlagða úttektarfjárhæð numið um 700.000 krónum. Af þessu tilefni hafi B hringt í ákærða og gefið honum þá úrslitakosti, að ef hann myndi ekki endurgreiða fjármunina inn á reikning brotþola fyrir föstudaginn 25. september nefnt ár myndi hún kæra hann til lögreglu. Hafi brotþoli hlýtt á símtalið, en þá brotnað saman, og í framhaldi af því tjáð móður sinni að faðir hennar, ákærði, hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi um nokkurra ára bil, nánar tiltekið frá því að hún var sex ára, en hann hafi látið af háttseminni á árinu 2018, sbr. að því leyti það sem rakið er í 4. tölulið hér á eftir.

2. Samkvæmt gögnum hófu vitnið B og ákærði, X, sambúð á árinu 1993, en þau gengu í hjúskap árið 1999. Þau eignuðust [...] C og D þann [...], og þann [...] eignuðust þau [...]E og A, brotþola. Fjölskyldan fluttist árið 2005 í [...] á [...], en þar bjuggu þau saman um árabil í tveggja hæða einbýlishúsi, að [...]. Var aðalaðsetur fjölskyldunnar á efri hæð eignarinnar, en á neðri hæðinni er lítil íbúð, sem á köflum virðist hafa verið leigð út. Að auki var á neðri hæðinni geymsla, bað með sturtu og sána, en einnig þvottahús og herbergi, sem á stundum mun hafa verið notað sem gestaherbergi, en einnig fyrir fjölskyldumeðlimi eftir aðstæðum. Óumdeilt er að fjölskyldan fór árlega, og þá ekki síst á vorin til þess að sinna [...], í sumarhús stórfjölskyldunnar að [...].

Á meðal rannsóknargagna lögreglu eru grunnbyggingarteikningar af nefndum húseignum. Teikningarnar af íbúðarhúseigninni eru þó ekki fyllilega í samræmi við endanlega gerð þess, líkt og kom fram í skýrslum vitna og ákærða fyrir dómi.

Á hjúskaparárum ákærða og B unnu þau bæði utan heimilis. Vann ákærði vaktavinnu og þá ýmist á daginn eða á nóttunni, en aftur á móti vann vitnið B fyrri hluta dags í leikskóla, en að auki starfaði hún um árabil á kvöldin og um helgar á veitingahúsum. Börn þeirra stunduðu hefðbundið skólanám í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Ágreiningslaust er að seinni hluta ársins 2014 lauk í raun hjúskaparsamvistum ákærða og B. Næsta misserið mun sá háttur hafa verið hafður á að ákærði flutti aðsetur sitt í herbergi á neðri hæð húseignarinnar að [...], en B hélt til á efri hæðinni og þá allt þar til hún flutti um mánaðamótin júlí/ágúst 2015 ásamt yngri börnunum, A og E, til [...] við [...]. Eldri börnin héldu áfram búsetu sinni hjá ákærða, en ráðið verður að fljótlega eftir að þau luku námi sínu í framhaldsskóla hafi þau flust búferlum, og eftir það aðallega haft aðsetur erlendis.

Samkvæmt gögnum fóru ákærði og B eftir skilnaðinn saman með forræði yngri barnanna, A og E, en lögheimili þeirra var aftur á móti skráð hjá móðurinni.

Fyrir liggur að nefndir [...], E og A, dvöldu á árunum 2015 til 2020 í skólaleyfum sínum á heimili ákærða, og þá m.a. að [...], og þá ekki síst yfir sumartímann árin 2015 til 2018. Að auki stunduðu þau þar bæði launaða vinnu sumrin 2018, 2019 og 2020, en þau voru þá á aldrinum 13 til 15 ára. Vann brotþoli í bæjarkjarnanum [...], en fyrir liggur að haustið 2018 hafði ákærði flutt heimili sitt í nálægan bæjarkjarna, [...], en síðla árs 2019 hóf hann nýja sambúð og fluttist þá sambyliskonan á heimili hans ásamt [...]ára dóttur sinni.

Ágreiningslaust er að ákærði fór ásamt börnum sínum, E og brotþola, til sólarlanda um áramótin 2019 og 2020, og að á sama tímabili fór móðir barnanna, vitnið B, í heimsókn til eldri dótturinnar, sem þá bjó erlendis.

3. Samkvæmt rannsóknargögnum var fyrrgreind kæra barnaverndar strax tekin til rannsóknar af lögreglustjóranum á [...], og þá með skýrslutökum og gagnaöflun, en að auki, og þá vegna búsetu ákærða, var leitað liðsinnis lögreglustjórans á [...] vegna skýrstöku af honum.

4. Þann 25. september 2020, klukkan 15:02-15:49, var brotápoli, A, yfirheyrð um sakarefni máls þessa. Áheyrendur og viðstaddir skýrslutökuna voru ráðgjafi frá barnavernd svo og tilnefndur réttargæslumaður brotáþola, sem síðar var skipaður til starfans. Skýrslutakan var tekin upp með hljóði og mynd og eru viðeigandi hljóðskrár á meðal gagna, líkt og er með aðrar yfirheyrslur lögreglu í þessu máli.

Við skýrslugjöfina skýrði brotápoli frá því að faðir hennar, ákærði, hefði misnotað hana kynferðislega í fjölda skipta og nefndi hún í því sambandi „örugglega“ yfir tuttugu skipti. Brotápoli kvaðst ætla að hún hafi verið fimm til sex ára þegar ákærði hóf að brjóta á henni með þessum hætti, en að hann hafi hætt athæfinu við 14 ára aldur hennar, á árinu 2018. Hún sagði að brot ákærða hefðu farið fram á þáverandi heimili þeirra að [...], fyrir utan eitt skipti, en þá hefði hann brotið gegn henni í sumarhúsinu að [...], líklega í byrjun sumars 2016 eða 2017.

Brotápoli skýrði nánar frá því að ákærði hefði brotið gegn henni í svefnherbergjum, tvisvar í stofunni og í gestaherbergi, þ.e. þegar aðrir heimilismenn hefðu ekki verið heima eða voru annars staðar í húsinu. Hún sagði að þegar brotin áttu sér stað hefði hún yfirleitt verið í fötum, en ákærði snert hana með því að fara með hendur niður á kynfærin. Þá sagði hún að ákærði hefði einnig farið með henni í sturtu eða bað og fengið hana þar til að setjast klovvega ofan á sig. Þannig hafi hann setið á gólfinu en látið hana nudda kynfærum sínum við getnaðarlim hans, en í þeim tilvikum hefðu þau bæði verið nakin. Auk þessa kvað hún ákærða hafa strokið kynfæri hennar og rass ásamt því sem hann hefði beitt munnmökum við hana eða fengið hana til að veita sér munnmök og fróa honum. Þá hefði ákærði farið með fingur í leggöng hennar, en að auki hefði hann sett getnaðarlim sinn að píkunni, en aldrei sett hann inn í kynfæri hennar. Hún kvaðst ekki minnst þess að ákærða hefði orðið sáðlát. Þá sagði hún að ákærði hefði haft á orði að nefnt athæfi hans væri leyndarmálið þeirra. Brotápoli sagði að ákærði hefði viðhaft þessa háttsemi þegar hún var mjög ung að árum, og lét að því liggja að hún hefði óljósari minningar að þessu leyti og þá miðað við þau brot hans sem síðar gerðust, og þá við 12-14 ára aldur hennar.

Við skýrslugjöfina hjá lögreglu skýrði brotápoli frá því að þegar hún hafi verið komin á kynþroskaskeið, við 12 ára aldurinn, hefði hún fengið fullnægingu þegar ákærði hefði nuddað kynfæri hennar. Bar hún að ákærði hefði þegar þetta gerðist m.a. beðið hana um að kúra hjá sér, og þá t.d. eftir næturvaktir, en að hann hefði síðan byrjað athæfið með því að kitla líkama hennar. Hún sagði að ákærði hefði einnig einu sinni gert þetta í

sumarhúsinu að [...]. Hún sagði að þegar ákærði viðhafði þessa háttsemi hefði hann aldrei komið við endaparm hennar, en sett fingur inn í píkuna gegn vilja hennar og bar að hún hefði þá kennt sársauka. Sagði hún að þetta athæfi ákærða hafi þó leitt til þess að hún hefði farið að leita til hans, að hún ætlaði í fimm skipti, enda hefði hún eigi vitað hvernig hún gæti framkallað fullnæginguna sjálf. Nánar aðspurð sagði brotapolí að þetta athæfi ákærða hefði m.a. gerst í hennar eigin herbergi, en einnig í herbergi ákærða og bar að hún hefði þá ætíð verið íklædd náttfötum og nærbuxum. Hún treysti sér ekki til að segja hvað þetta gerðist oft, og aðspurð minntist hún þess ekki að ákærði hefði runkað sér á meðan á þessu stóð eða að honum hefði orðið sáðlát. Þá kvað hún ákærða á þessu seinna skeiði aldrei hafa látið hana gera neitt við sig. Hún sagði að þegar atvik máls gerðust hafi henni fundist athæfi ákærða eðlilegt, þrátt fyrir að hún hefði samtímis fundið til vanlíðunar og sektarkenndar, en bar að á árinu 2019 hefði hún fylgst með umræðum á netinu um kynferðisbrot og þá jafnframt kynnt sér viðeigandi fræðslufni.

Við lögregluþyrheyrsluna skýrði brotapolí frá fjölskylduhögum sínum og m.a. frá skilnaði foreldra sinna seinni hluta sumars 2015 og í framhaldi af því búferlaflutningum hennar og [...], með móður þeirra, sbr. það sem rakið var í 2. lið hér að framan.

Brotapolí skýrði frá því að hún hefði lengi vel engum einstaklingi greint frá hinum ætluðu kynferðisbrotum ákærða. Sagði hún að það hefði hún í raun fyrst gert nokkrum dögum fyrir lögregluþyrheyrsluna haustið 2020, og þá í áðurgreindum samræðum við móður sína, og þá í kjölfar umræðu þeirra mæðgna um úttektir ákærða af bankareikningi hennar, m.a. vegna tölvukaupa. Hún kvaðst hafa ætlað að síðasta úttekt ákærða af reikningi hennar hefði verið í ágústmánuði 2020, að fjárhæð 43.000 krónur. Hafi hún ætlað að hin síðastgreinda úttekt hefði komið til af því að ákærði hefði keypt úlpu fyrir dóttur sambýliskonu hans. Hún sagði að samtals hefði úttektarupphæðin numið rúmum 600.000 krónum samkvæmt útreikningi þeirra mæðgna.

Brotapolí sagði að ástæðan fyrir fyrrgreindri þögn hennar um hin ætluðu kynferðisbrot ákærða hefði verið sú, að hún hefði ekki viljað særa neinn í kringum sig, og þá eigi móður sína.

5. Þann 26. september 2020 var vitnið B yfirheyrð af lögreglu. Hún greindi frá því að sú atburðarás, sem lýst var hér að framan, hefði í raun hafist í tengslum við þá sólarlandaferð sem brotapolí hafði farið í með föður sínum, ákærða, og yngri bróður, E,

um jólin og áramótin 2019/2020. Um það leyti kvaðst hún hafa veitt því eftirtekt að ákærði hefði tekið út af bankareikningi brotþola 250.000 krónur. Vegna þessa kvaðst hún í símtali við ákærða hafa tilkynnt honum að hann yrði að fá leyfi hjá brotþola til slíkra gjörða, en þá jafnframt skipað honum að endurgreiða fjárhæðina. Hún staðhæfði að þrátt fyrir tilmælin hefði hún veitt því eftirtekt að ákærði hefði haldið áfram að taka fjármuni út af bankareikningi brotþola. Vegna þessa hefði hún lagt þá lausn til að hann endurgreiddi fjárhæðina með því að kaupa tölvu fyrir brotþola, sem hana hafi vanhagað um, og bar að hann hefði tekið þeirri lausn vel. Hafi ákærði keypt umrædda tölvu, en hún þá veitt því eftirtekt að hann hefði enn á ný tekið fjármuni út af reikningi brotþola og með því móti í raun greitt kaupverð tölvunnar. Hún staðhæfði að vegna þessa alls hefði hin samanlagða úttekt ákærða af reikningi brotþola numið um 700.000 krónum. Í ljósi þessa kvaðst hún hafa hringt fyrrnefnt símtal til ákærða, nánar tiltekið sunnudaginn 20. september 2020, og hótað honum lögreglukæru endurgreiddi hann ekki fjármunina í síðasta lagi föstudaginn 25. sama mánaðar. Hún áréttaði það sem fyrr var rakið og þá m.a. um að dóttir hennar, brotþoli, hefði hlustað á þessa orðræðu hennar í símaviðtalinu við ákærða.

Vitnið greindi frá því í nefndri lögregluþyrifheyrslu, að fáeinum dögum eftir margnefnt símal við ákærða, þ.e. þriðjudagskvöldið 23. september, hefðu þær mæðgur legið saman uppi í rúmi og verið þar í samræðum þegar brotþoli hefði byrjað að gráta. Í framhaldi af þessu kvaðst hún hafa hlýtt á orð brotþola og þá um að hún þyrfti að ræða tiltekið mál við hana, sem hefði sprottið upp í huga hennar eftir að hún hafði hlýtt á kærufótunina gagnvart ákærða. Vitnið sagði að í framhaldi af þessum orðum hefði brotþoli skýrt frá því að það hefði ekki aðeins verið eldri bróðir hennar sem hefði misnotað hana kynferðislega á árum áður heldur hefði ákærði gert það líka, og að ákærði hefði jafnvel byrjað á slíku athæfi fyrr en bróðir hennar. Vitnið sagði að brotþoli hefði jafnframt sagt að hún hefði á sínum tíma heldur ekki sagt alla söguna varðandi háttsemi bróður síns þar sem brot hans hefðu staðið lengur yfir en hún hefði áður greint frá, og þá í eitt ár, líkt og hún hefði reyndar greint sérfræðingum í Barnahúsi frá á sínum tíma.

Vitnið B fullyrti í ofangreindu samhengi að þegar eldri bróðirinn hefði misnotað brotþola hefði hún verið sex ára en hann 12 ára.

Vitnið staðhæfði að brotþoli hefði í greint sinn skýrt frá því að brot föður hennar, ákærða, hefðu falist í nánast öllum öðrum kynferðislegum athöfnum en að setja liminn í leggöng hennar. Hann hefði þannig strokið um allan líkama hennar, en einnig sett lim

sinn í munn hennar. Vitnið sagði að brotapolí hefði að auki haft á orði að hún hefði sjálf verið orðin svo „ógeðsleg að hún hafi verið farin að vilja þetta“ þar sem hún hafi verið farin að fá fullnægingar. Vitnið sagði að brotapolí hefði skýrt frá því að kynferðisbrot ákærða hefðu átt sér stað á heimili þeirra að [...], en einnig á vorin þegar fjölskyldan dvaldist í sveitinni í [...]og þá við þær aðstæður þegar hún hefði þurft að bregða sér á salerni. Vitnið sagði að brotapolí hefði sagt að ákærði hefði í raun nýtt sér fjarveru hennar, þ.e. móðurinnar, af heimilinu til þess að viðhafa hina kynferðilegu háttsemi. Vitnið sagði að dóttir hennar hefði eigi viljað lýsa háttsemi ákærða nánar, en aftur á móti haft á orði að hin nýja sambyliskona hans ætti unga dóttur, um [...]ára, og að stelpan hefði farið með ákærða í heitan pott við heimili þeirra.

Vegna alvarleika frásagnar brotapóla kvaðst vitnið hafa leitað sér faglegrar ráðgjafar, en í beinu framhaldi af því tilkynnt málið til barnaverndar í heimabyggð þeirra mæðgna.

Vitnið B skýrði frá því við lögregluþfirheyrsluna að brotapolí hefði við 10 ára aldurinn farið í viðtöl í Barnahúsi vegna brota eldri bróður gegn henni og staðhæfði að ákærði hefði m.a. farið með henni í slík viðtöl. Vitnið sagði að skömmu áður eða við níu ára aldurinn hefði brotapolí verið farin að draga sig inn í eigin skel, en að auki hefði hún stundum fengið æðisköst. Kvaðst vitnið í fyrstu hafa ætlað að þessi hegðun stúlkunnar tengdist hinu kynferðislega atferli bróður hennar, en vísaði jafnframt til þess að á þessum tíma hefði drengurinn verið greindur með svonefnt ADHD. Vitnið skýrði frá því að vegna þessara hegðunarvandkvæða hefði það farið með brotapolá í „sálgreiningu“ og að í framhaldi af því hefði hún verið greind með athyglisbrest og fengið viðeigandi lyf. Vitnið kvaðst aðspurð aldrei hafa tengt þessi hegðunarvandkvæði brotapolá við ákærða, enda aldrei haft grunsemdir um hin ætluðu brot hans, og þá ekki að hann væri haldinn barnagirnd.

6. Þann 26. september 2020 var vitnið F yfirheyrð af lögreglu. Vitnið er móðursystir brotapolá, en er að auki gift bróður ákærða. Vitnið staðhæfði að ætíð hefði verið mikill samgangur á milli fjölskyldna þeirra systra, og hefðu þær verið nánar. Vitnið kvaðst aldrei hafa orðið vitni að ætluðum kynferðisbrotum ákærða gagnvart brotapolá. Vitnið skýrði frá því að á árum áður hefði því fundist sem ákærði hefði óhóflega mikinn áhuga á dóttur þess og nefndi í því sambandi að hann hefði kallað hana „litlu konuna sína“ og þá allt til níu ára aldurs stúlkunnar. Þessu til viðbótar lýsti vitnið atviki frá haustinu 2004,

Þegar stórfjölskyldan hefði gist eina helgi saman í sumarbústað vegna skyndilegs fráfalls föður þeirra systra. Vitnið sagði að aðra nóttina sem gist var í bústaðnum hefði það heyrt þrusk í herbergi dóttur sinnar og því gætt að málum, en þá séð ákærða standa þar á bak við hurð líkt og hann hefði verið að fela sig. Við þessar aðstæður hefði ákærði verið á nærfötum einum klæða, og bar að þegar það hafi spurt hverju þessi viðvera hans sætti hefði hann klórað í vegginn og þóst vera að ganga í svefni, en verið með ljótan andlitssvip. Vitnið sagði að ákærði hefði jafnframt muldrað eitthvað, en síðan farið út og í framhaldinu farið inn í svefnherbergi þáverandi eiginkonu sinnar, vitnisins B. Vitnið kvaðst aldrei hafa fengið það upp úr dóttur sinni hvort ákærði hefði misnotað hana kynferðislega, og þá ekki í tengslum við að stúlkan hafði á árum áður sofið á heimili hans.

7. Við lögreglurannsóknina voru bræður brotþola, þeir E og D, yfirheyrðir sem vitni hinn 5. október 2020. Frásögn þeirra var í aðalatriðum samhljóma, en þeir kváðust hvorugir hafa séð eða haft grunsemdir um að faðir þeirra, ákærði, hefði brotið kynferðislega gegn systur þeirra, brotþola. Við skýrslutökuna neitaði hinn síðarnefndi að hafa beitt brotþola slíku ofbeldi.

Hinn sama dag var systir brotþola, C, yfirheyrð af lögreglu. Hún staðhæfði að hún hefði aldrei orðið vitni að eða heyrt af því að ákærði hefði viðhaft kynferðislega háttsemi gagnvart yngri systurinni, brotþola, né hefði hún skynjað óeðlileg samskipti þeirra í millum. Þá kvaðst hún sjálf eigi hafa orðið fyrir kynferðislegri háttsemi af hálfu ákærða, en minntist þess að við 12 ára aldurinn hefði hún farið ásamt honum í gufubaðið á heimili þeirra og að hann hefði við þær aðstæður haft orð á því að hún ætti að vera nakin. Hún hefði farið að þessum orðum ákærða, en áður vafið um sig handklæði. Þá kvaðst hún minnst annars atviks og vísaði til þess að í eitt sinn, við 19 ára aldurinn, hefði hún komið ölvuð heim, en vaknað daginn eftir í nærbuxum einum fata. Hún kvaðst hafa minnst á þetta daginn eftir, og bar að þá hefði ákærði svarað því til að hann hefði afklætt hana þannig að henni liði betur. Hún sagði að þessi atburður hefði ekki haft nein áhrif á hana.

8. Ákærði var yfirheyrður um kæruefnið 25. september 2020, kl. 19:58-20:25, af rannsakendum lögreglunnar á [...]. Fyrir yfirheyrsluna höfðu rannsakendurnir verið

upplýstir um atvik máls af lögreglunni á [...]og þá m.a. varðandi áðurrakta frásögn brotþola. Viðstaddur yfirheyrsluna var tilnefndur verjandi ákærða, en hann var síðar, við meðferð málsins fyrir dómi, skipaður til starfans.

Við upphaf yfirheyrslunnar var ákærða kynnt kærufnið, þ.e. kynferðisbrot gagnvart brotþola, en í framhaldi af því var honum boðið að lýsa afstöðu sinni til sakarefnisins. Ákærði svaraði því til að hann væri orðlaus, og hefði því ekkert að segja. Nánar aðspurður neitaði ákærði því að hann hefði brotið gegn brotþola, og hafði hann á orði að hann hefði a.m.k. haldið að samskipti þeirra tveggja hefðu ekki getað flokkast með þeim hætti sem vísað væri til. Og ítrekað aðspurður svaraði ákærði því til að hann hefði ekki verið með neinar snertingar gagnvart brotþola sem gætu hafa flokkast sem kynferðislegar eða að hann hefði með þeim hætti brotið gegn brotþola og þá ekki yfir margra ára tímabil.

Nánar aðspurður af rannsakendum svaraði ákærði því til að hann kysi að svara ekki einstökum spurningum sem beint var að honum við yfirheyrsluna og þá um áðurrakta frásögn brotþola hjá lögreglu, sbr. lið 4 hér að framan, og þá m.a. um að hún hefði mátt þola kynferðisbrot af hans hálfu frá fimm til sex ára aldri, að slíkt hefði gerst oftast en tuttugu sinnum, að hún hafi við athæfi hans yfirleitt verið í náttfötum, en hann þá farið með hendur sínar inn á kynfæri hennar, að háttsemin hefði gerst á heimili þeirra, í svefnherbergjum, stofu og svonefndu gestaherbergi, fyrir utan eitt skipti sem það hefði gerst að [...] árið 2016 eða 2017, og loks að hann hafi hætt brotum sínum á árinu 2018. Jafnframt neitaði ákærði því að hann hefði brotið gegn henni á baðherbergi heimilis þeirra, líkt og hún hafði lýst. Nánar svaraði ákærði því til að hann myndi ekki eftir slíkum tilvikum og að honum fyndist ekki líklegt að þau hefðu gerst og þá ekki að hann hefði strokið þíkuna á henni og rass, ásamt því að hann hefði sleikt kynfæri hennar, eða að hann hefði fengið hana til þess að sjúga og stinga limi hans í munn sinn, og þá ekki heldur að hann hefði við kynþroskaaldurinn framkallað fullnægingu hjá henni.

Aðspurður af rannsakendum hvort hann hefði skýringar á ásökunum brotþola, áréttaði hann hin fyrri svör sín og bar að hann minntist einskis um þá háttsemi sem hún hefði lýst. Af þessu tilefni lét ákærði þau orð falla að hann teldi að hann ætti að minnast þeirra atburða sem brotþoli hefði haldið fram ef þeir hefðu gerst. Ákærði sagði að hann væri viss um að þeir atburðir hefðu aldrei gerst og því hefði hann í raun ekkert frekar að segja um þessar ásakanir.

Nánar aðspurður af rannsakendum skýrði ákærði frá því að hann hefði litið svo á að samskipti þeirra feðgina, hans og brotþola, hefðu verið mjög góð í gegnum tíðina. Hann staðhæfði að brotþoli hefði þannig leitað til hans og að þau hefðu enn fremur leikið sér og rætt saman um ýmislegt, m.a. um skólastarf hennar og vinnuna, en einnig um hvernig yngri bróðir hennar hefði hagað sér gagnvart henni. Ákærði vísaði jafnframt til þess að hann hefði rætt við brotþola u.þ.b. viku fyrir lögregluþingrannsókn, og sagði að þá hefði hann verið að spyrjast fyrir um skólastarf hennar, og staðhæfði að í þeim samræðum hefði hann ekki orðið var við neitt óeðlilegt. Ákærði áréttaði að hann hefði til þessa talið að engin snuðra hefði hlaupið á þráðinn í samskiptum þeirra, en sagði að hún væri að eðlisfari feimin og hlédræg. Ákærði kvaðst engar skýringar hafa á hinni röngu frásögn og ásökunum brotþola.

8. Í málinu liggur fyrir krafa lögreglustjórans á [...], dagsett 25. september 2020, um að honum verði heimilað að gera leit á heimili ákærða. Því til viðbótar er í beiðninni þess krafist að lögreglu verði veitt heimild til að rannsaka efnisinnihald raftækja á heimili ákærða og þá í sínum, tölvum, tölvudrifum o.fl. Kröfu þessari var beint að Héraðsdómi [...].

III.

1. Við lögreglurannsókn málsins var af rannsakendum lögreglu aflað sérfræðigagna um brotþola, þ. á m. frá heilsugæslu, barnaverndarnefnd og Barnahúsi.

2. Á meðal gagna lögreglu er sjúkraskrá brotþola hjá heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Austurlands, dagsett 27. október 2020. Þar er að nokkru rakin heilsufarssaga brotþola frá barnaldri. Í skránni er m.a. vikið að umsögn og tilkynningu L, sérfræðings í heimilislækningum, sem starfaði á sínum tíma hjá nefndri stofnun, sbr. bréf hans til Félagsþjónustu [...], nú [...], sem dagsett er 29. ágúst 2014.

Í sjúkraskránni er brotþola m.a. lýst við skólaskoðun í sex ára bekk grunnskóla þannig að hún hafi verið kröftug og ákveðin stúlka. Þá er í skránni tekið fram að þegar brotþoli var sjö ára og 10 mánaða, þann 13. september 2012, hafi verið komið með hana á heilsugæslustöð vegna þvagfærasýkingar. Fram kemur í gögnum að sýkingin hafi verið meðhöndluð með lyfjum.

Þá er í sjúkraskránni vikið að samskiptaseðli fyrrnefnds læknis, L, og þá vegna komu brotaþola á heilsugæslustöð þann 8. ágúst 2014, en hún var þá níu ára og níu mánaða. Verður ráðið að upphaflegt tilefni hafi verið sýnileg útbrot á húð brotaþola, sem hafi við athugun átt sér eðlilegar og náttúrulegar skýringar. Hins vegar er tekið fram að við skoðun læknisins hafi eftirfarandi komið í ljós: „... mikill roði í vagina, væg hvít skán á milli barma anterior og lykt frá kynfærum. Væg eymsli við þreifingu ... Spurð hvort einhver hafi verið að snerta hana, kemur í ljós að eldri bróðir hafi verið að því reglulega f. 3 árum, en ekkert síðan. ... (Brotaþoli) játar að vera hrædd við bróðir sinn.“

Í nefndum heilsufarsgögnum segir frá því að umræddur bróðir brotaþola hafi verið með einkenni ADD einhverfu og snert af tourette og hafi verið á lyfjum. Tekið er fram að grunsemdir hafi verið um að pilturinn hafi einnig snert vinkonu brotaþola.

Í sjúkraskánni og áður nefndu vottorði heilsugæslulæknis segir að brotaþoli hafi komið á ný til eftirlits þann 11. ágúst 2014. Af því tilefni er m.a. skráð: „Tek stroksýni frá skeið vegna roða, raka og vöntun á meyjarafti.“ Áréttað er að eldri bróðir hafi snert brotaþola, en einnig er skráð: „Varði í stuttan tíma, þessar snertingar, u.þ.b. viku og lagaðist eftir að bróður var skipt af Conserta yfir á Strattera.“ Staðhæft er í skránni að móðir barnanna, vitnið B, hafi haft vitneskju um athæfi piltsins og er haft eftir henni að hún hafi sjálf rætt við barnaverndaryfirvöld.

Fyrri liggur að nefndum lækni þótti ástæða til, sbr. ákvæði 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, að gera félagsmálayfirvöldum og barnavernd viðvart, sbr. fyrrnefnda tilkynningu hans frá 29. ágúst 2014.

Í nefndri sjúkraská segir frá því að þann 17. apríl 2019 hafi brotaþoli komið í skoðun til læknis fyrir tilstuðlan föður, ákærða, vegna verkja undir hægra brjósti. Skráð er að þau eymsli hafi verið meðhöndluð með verkjalyfjum. Einnig segir frá því að brotaþoli hafi leitað til læknis vegna bakflæðis þann 17. júlí 2019, og er tekið fram að hún hafi um þær mundir verið starfsmaður í tiltekinni verslun, og jafnframt að hún hafi verið hraustleg útlits. Fram kemur að brotaþoli hafi ekki leitað til nefndrar sjúkrastofnunar á árinu 2020.

Í nefndum heilsufarsgögnum lætur læknir það álit í ljós að fyrrnefnd koma brotaþola á heilsugæslustöð á árinu 2014 vegna sýkingar á kynfærasvæðinu hafi verið óeðlileg, en einnig koma hennar á árinu 2012 vegna sýkingar. Um það síðarnefnda er þó sagt að slíkt þurfi ekki í sjálfum sér „að vera óeðlilegt, algengt að stúlkur fái þvagfærasýkingu.“

3. Ráðið verður af gögnum að í kjölfar fyrrgreindrar tilkynningar heilsugæslulæknis hafi málefni brotaþola verið tekin fyrir af hálfu barnaverndar- og félagsmálayfirvalda í heimabyggð og að í framhaldi af því hafi verið aflað upplýsinga um hagi hennar. Segir frá því í bréfum ráðgjafa barnaverndarnefndar, dagsettum 22. september og 1. desember 2014, að samkvæmt upplýsingum frá kennara hafi brotaþoli stundum fengið reiðiköst, en að auki hafi hún stundum fengið störu og að við slíkar aðstæður hafi hún virst vera í öðrum heimi og hafi lýst yfir vanlíðan, en að það ástand hafi þó batnað. Þá er tekið fram að í viðtali við móðir stúlkunnar, B, hafi hún staðfest frásögn brotaþola um háttsemi bróður, en að eftir viðtal móðurinnar við piltinn hafi hún ætlað að um einstakan atburð hafi verið að ræða og þá þremur árum fyrr. Jafnframt er haft eftir móðurinni að hún hafi vegna þessa leitað eftir ráðgjöf hjá barnaverndarnefnd á höfuðborgarsvæðinu, en án árangurs. Loks segir frá því í bréfum ráðgjafans að rætt hafi verið við fyrrnefndan heimilislækni, sem hafi staðfest áðurnefnd ummerki á kynfærum brotaþola, en að hann hafi jafnframt látið þess getið að slík ummerki geti stafað af byrjandi kynþroska. Þá er haft eftir læknum að engin víska hafi verið fyrir því hvort ætluð misnotkun gegn brotaþola hefði við skoðun hans enn verið í gangi eður ei, þó svo að móðir hafi talið að svo hefði ekki verið.

Samkvæmt gögnum voru næstu viðbrögð barnaverndaryfirvalda í heimabyggð brotaþola á árinu 2014 þau að ákveðið var að leggja það til að hún færi í könnunarviðtal í Barnahús. Gekk það eftir.

4. Í minnispunktum, sem sálfræðingur í Barnahúsi ritaði þann 30. október 2014 um rannsóknar/könnunarviðtal við brotaþola, segir m.a. að stúlkan hafi svarað spurningum greiðlega og tjáð sig vel í frjálstri frásögn. Tekið er fram að brotaþoli hafi skýrt frá því að eldri bróðir hennar hafi snert á henni kynfærin innan klæða í eitt skipti þegar hún var sjö ára. Síðan segir: „... á erfitt með að segja frá atvikinu og segist hafa gleymt því en svo hafi hún farið að muna betur eftir atvikinu og þá hafi henni farið að líða illa og segist hún nú vera mjög hrædd um að bróðir hennar geri eitthvað svona aftur, jafnvel þótt hann hafi aldrei sýnt neina tilburði til þess.“

5. Samkvæmt gögnum voru samhliða ofangreindum ráðstöfunum félagsmálayfirvalda gerðar tímabundnar barnaverndaráætlanir samkvæmt 23. gr.

barnaverndarlaga nr. 80/2002. Segir frá því að markmiðið hafi verið að bæta líðan brotþola.

Í hinni fyrstu áætlun er getið um forsjáraðila brotþola, þ.e. ákærða og vitnið B, en hún aðeins undirrituð af starfsmanni barnaverndarnefndar og móðurinni, þann 23. september 2014. Áætlunin var endurnýjuð í byrjun árs 2015, en einnig þann 9. apríl og 4. maí sama ár, og voru þær undirritaðar af sömu aðilum. Tekið er fram í áætlununum að samhliða þessum ráðstöfunum hafi brotþoli verið í reglulegum meðferðarviðtölum hjá sérhæfðum starfsmönnum Barnahúss. Þessu til viðbótar hafi foreldrum brotþola verið boðin stuðningsviðtöl, sem móðir hafi mætt reglulega í, en faðirinn aðeins einu sinni.

6. Í skýrslu Ó, sálfræðings Barnahúss, dagsettri 30. október 2015, er vísað til framangreindra gagna og er tekið fram að brotþoli hafi sótt 12 viðtöl frá 19. nóvember 2014 til 8. september 2015 vegna ætlaðs kynferðisofbeldis eldri bróður hennar þremur árum fyrr. Greint er frá því að viðtölin hafi farið fram í húsnæði barnaverndar í heimabyggð brotþola, en einnig í Barnahúsi, og segir frá því að hún hafi tekið virkan þátt í meðferðinni. Greint er frá því að málefnið hafi ekki verið kært til lögreglu. Þar um er vísað til þess að óljóst hafi verið með aldur bróður brotþola á verknaðarstundu.

Í skýrslunni segir að gagna um líðan brotþola hafi verið aflað með viðtölum, en einnig með samtölum við foreldra hennar, svo og með tilgreindum sjálfsmatslistum, sem hafi verið lagðir fyrir brotþola. Greint er frá því að svör brotþola hafi gefið til kynna einkenni streitu, kvíða og þunglyndis. Þá hafi hún greint frá einkennum áfallastreituröskunar, sem þó hafi ekki uppfyllt greiningarskilmerki samkvæmt DSM-IV. Tekið er fram að svör brotþola á sjálfsmatslistunum hafi verið í samræmi við það sem fram hafi komið í viðtölum við hana og fjölskyldu hennar.

Greint er frá því að í nefndum viðtölum við brotþola hafi m.a. verið lögð áhersla á fræðslu um eðli og afleiðingar kynferðisbrota. Tekið er fram að í byrjun sálfræðimeðferðar Barnahúss hafi brotþola liðið mjög illa og hafi haft á orði að hún vildi deyja, að hún væri sár og reið við bróður sinn, en þætti vænt um hann. Skýrt er frá því að nefndur bróðir brotþola hafi við upphaf meðferðarinnar verið á heimili fjölskyldunnar, en að hann hafi síðan farið þaðan.

Nánar um ástand brotþola segir í skýrslu Barnahúss að hún hafi verið hrædd um að vera ein heima hjá sér og einnig að sofa ein af hræðslu við að fá martraðir og því hafi hún sofið hjá móður sinni.

Greint er frá því að við lok lýstrar meðferðar sálfræðings Barnahúss hafi brotþola liðið mun betur og hafi hún þannig ekki sýnt merki alvarlegs þunglyndis, streitu eða kvíða, en að auki hafi hún ekki fengið martraðir og sofið betur. Þá hafi hún getað verið ein heima og verið spennt fyrir því að flytjast búferlum með móður sinni. Bent er á að síðasta viðtalið hafi farið fram 8. september 2015, og er fullyrt að þá hafi brotþola liðið mjög vel. Þannig hafi öll einkenni áfallastreitu minnkað eða verið horfin, en að auki hafi brotþoli lýst ánægju sinni með búrferlaflutningana og samskipti við nýjar vinkonur.

Í skýrslunni segir, og þá í ljósi alls ofangreinds, að ákveðið hafi verið í samráði við móður brotþola að ljúka sálfræðimeðferð hennar í Barnahúsi.

7. Í fyrrnefndu bréfi ráðgjafa félagsmálastofnunar [...]frá 1. desember 2015 er ofangreindum afskiptum barnaverndar lýst, en einnig segir þar frá því að samkvæmt upplýsingum frá sálfræðingi Barnahúss hafi brotþoli greint frá því að hún hefði orðið fyrir kynferðisofbeldi af hendi bróður síns oftár en einu sinni og að mun nýlegri dæmi um slíkt hafi verið til staðar en álitid hafi verið í fyrstu. Tekið er fram að í ljósi efnisatriða í skýrslu Barnahúss hafi það verið lagt til að barnaverndarmáli brotþola yrði lokað.

Fyrir liggur að gögn félagsmálastofnunar [...]um brotþola voru send til Fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar þann 16. júní 2016, sbr. ákvæði 44. gr. barnaverndarlaga nr. 88/2002.

8. Samkvæmt gögnum voru auk ofangreindra ráðstafana félagsmálayfirvalda málefni brotþola einnig til meðferðar hjá skólafstofnun hennar. Liggur þannig fyrir að sálfræðingur á skólaskrifstofu [...] leitaði til O, barnalæknis og barna- og unglíngageðlæknis, í október 2015 og þá vegna tilfinningavanda og gruns um athyglisbrest hjá brotþola. Til grundvallar þessum ráðstöfun er m.a. vísað til skýrslu sálfræðingsins, sem dagsett er 30. september 2014, en þar er haft eftir móður brotþola og kennara að athyglisvandi brotþola hefði þá „nýlega“ aukist og að henni hafi m.a. verið hætt við að detta út og fá störu, auk þess sem hún hefði þá verið döpur og einmana.

Í vottorði greinds geðlæknisins, sem dagsett er 2. október 2020, segir frá því að sérfræðingurinn hafi hitt brotþola og móður hennar vegna nefndrar tilvísunar, og að við það tækifæri hafi verið upplýst um að þær mæðgur hefðu flutt til [...], en jafnframt að líðan brotþola hefði batnað, þó svo að greinilegir erfiðleikar hefðu enn verið til staðar

hjá henni. Í vottorðinu segir að brotaþoli hafi fengið eftirfarandi greiningu: Athyglisbrestur og almenn kvíðaröskun. Tekið er fram að brotaþoli hafi fengið lyfjameðferð við athyglisbresti, en að hún hafi ekki þolað þá meðferð vel vegna tilfinningaeinkenna, auk þess sem meðferðin hefði heldur ekki haft þau áhrif á athyglisbrestinn sem vonast hefði verið til.

Lokaorðin í vottorði geðlæknisins eru svohljóðandi: „*Ef börn verða fyrir alvarlegum áföllum, glíma jafnvel við einkenni áfallastreitu og fá ekki viðhlýtandi meðferð má gera ráð fyrir verulegum áhrifum á andlega heilsu, t.a.m. á athygli og tilfinningar. Einkenni eins og að detta út og fá störu, geta samrýmst einkennum áfallastreiu, sk. hugrofi.*“

9. Samkvæmt gögnum leituðu nefndar mæðgur, vitnið B og brotaþoli, til barnaverndar á [...], þann 19. og 20. september 2019. Brotalþoli var þá 14 ára. Verður ráðið af gögnum að þessi heimsókn hafi komið til af því að brotaþoli hafði skömmu áður tekið þátt í fræðsluumræðu og hafi af því tilefni svarað spurningum skólahjúkrunarfræðings, og þá um það hvort hún hefði orðið fyrir ofbeldi. Er staðhæft að vegna þessa hafi komið fram hugsanir og líðan hjá brotaþola, sem hafi tengst því ofbeldi sem hún hafði mátt þola nokkrum árum fyrr af hendi eldri bróður síns. Er vísað til þess að eftir þetta hafi borið á vaxandi vanlíðan hjá brotaþola, en hún að auki einangrast. Þessu til viðbótar er í gögnum barnaverndar lýst erfiðum samskiptum brotaþola við [...] sinn, sem hafi verið greindur með ADHD.

Ágreiningslaust er að starfsmenn barnaverndarinnar brugðust við og segir í gögnum frá því að ákveðið hafi verið, með samþykki beggja foreldra brotaþola, að leita eftir frekari þjónustu hjá Barnahúsi og þá m.a. í formi símavíðtala henni til stuðnings. Liggur fyrir að brotaþoli þáði þegar til kom ekki þessa aðstoð.

10. Hinn 30. september 2020 óskaði sérfróður starfsmaður barnaverndar á [...]eftir aðstoð Barnhúss vegna þeirrar kæru, sem þá hafði nýverið komið fram um ætlað kynferðisofbeldi ákærða, sbr. það sem rakið var í II. kafla, lið 1 hér að framan.

11. Hinn 6. janúar 2021 sendi lögreglustjórinn á [...]ofangreind rannsóknargögn til héraðssaksóknara til ákvörðunar, sbr. ákvæði g-liðar 1. mgr. 23. gr. laga nr. 88/2008 um

meðferð sakamála. Frekari skýrslur voru því ekki teknar við rannsókn málsins af ákærða, brotþola eða öðrum vitnum.

Með beiðni héraðssaksóknara, dagsettri 25. júní 2021, var óskað eftir vottorði um viðtöl Barnahúss við brotþola og þá vegna ætlaðra brota föður hennar, ákærða.

12. Hinn 18. ágúst 2021 sendi P, sálfræðingur í Barnahúsi, umbeðið vottorð til héraðssaksóknara. Í vottorðinu er vísað til hinnar fyrri meðferðar brotþola, sbr. lið 6 hér að framan, og er áréttað að þá hafi einnig verið til meðferðar ætlað kynferðisbrot af hálfu eldri bróður hennar. Tekið er fram að yfirstandandi meðferð brotþola hafi hafist 1. október 2020 og að hún hafi þegar sótt 20 viðtöl, en á það bent að meðferðinni hafi ekki verið lokið við ritun vottorðsins.

Í vottorðinu segir frá því að í byrjun meðferðar brotþola hafi m.a. verið lögð áhersla á greiningu á vanda. Að því leyti hafi verið stuðst við áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð, sem m.a. hafi falið í sér fræðslu um eðli og afleiðingar áfalla, streitustjórnun og að bera kennsl á tilfinningar sínar, hugsanir og kvíða. Tekið er fram að leitað hafi verið eftir upplýsingum um líðan brotþola með viðtölum við hana sjálfa, samtölum við móður hennar og með sjálfsmatslistum sem lagðir hafi verið fyrir brotþola. Segir frá því að þannig hafi m.a. fengist upplýsingar um lyfjameðferð brotþola, breytingu á hegðun hennar á liðnum misserum, þ. á m. félagslegri einangrun og framtaksleysi, en einnig að hún hefði viðhaft sjálfsskaðandi hegðun. Að auki hafi móðir hennar greint frá forsögu þess að brotþoli skýrði frá hinu ætlaða kynferðisofbeldi ákærða, þ.e. að hann hefði „tekið hátt í sjö hundruð þúsund krónur ófrjálsri hendi út af bankareikningi (brotþola) og vakti það mikla reiði hjá (brotþola), sem þá ákvað að segja frá meintu kynferðisbroti.“

Í nefndu vottorði segir m.a. að í meðferðinni í Barnahúsi hafi brotþoli greint frá kvíða og depurð, sem hún hafi rakið til barnæsku sinnar, og að hún hafi tengt þá líðan sína við hin ætluðu brot föður, þ.e. ákærða. Þá segir frá því að brotþoli hafi verið ósátt við sjálfa sig, forðast að horfa á sig í spegli, að hún hafi eigi viljað fara í sund, en að auki hafi hún notað áfengi til þess að deyfa vanlíðan sína. Er haft eftir brotþola að hún hafi haft lítinn hvata til að hætta áfengisneyslunni sökum þess að henni hafi fundist sem áfengið hefði dregið úr uppþrengjandi hugsunum í tengslum við hin ætluðu brot.

Í vottorðinu segir frá því að brotþoli hafi fengið það verkefni að skrifa áfallasögu sína, en að hún hafi eigi getað það sökum kvíða. Þá segir frá því að brotþoli hafi reynt

sjálfsvíg sumarið 2021 og er bent á í því samhengi að það hefði legið þungt á henni að rita áfallasögu sína. Af þeim sökum hafi verið ákveðið að falla frá því að láta brotþola skrifa um áfallið, en í þess stað hafi verið ákveðið að vinna „með hugrænar stíflur“ í tengslum við áfallið á annan hátt. Greint er frá því að brotþoli hafi staðið í þeirri trú að hún hefði átt að berjast meira á móti ætluðu kynferðisbroti föður síns. Einnig segir frá því að brotþoli hafi átt erfitt með að treysta öðru fólki og hafi fundist að hún þyrfti sífellt að vera á verði gagnvart yfirvofandi hættu. Í þessu sambandi er tekið fram að brotþoli hafi eigi getað verið í sturtu nema horfa á hurðina allan tímann ef ske kynni að einhver kæmi, og er sagt að þetta hefði hún tengt við atvik í æsku, þ.e. þegar faðir hennar hefði gengið inn á hana í sturtu. Þá er tekið fram að brotþoli hafi upplifað mikla skömm og sektarkennd í tengslum við hin ætluðu brot, en þá sérstaklega að því er varðaði eigin unglingsár, þ.e. þegar hún sjálf hafi verið farin að leita til föður síns í kynferðislegum tilgangi. Í niðurstöðukafla vottorðsins segir m.a.:

„Í viðtölunum var lögð áhersla á að skapa öruggt umhverfi til að gefa (brotþola) tækifæri á að ræða ofbeldið og tilfinningar og hugsanir tengdar því. (Brotþoli) er viðkvæm stúlka sem kemst auðveldlega í tilfinningalegt ójafnvægi. ... Niðurstöður sjálfsmatslista, auk upplýsinga úr viðtölum við brotþola sýna alvarleg einkenni áfallastreituröskunar en hún hefur notað ógagnlegar leiðir til að takast á við erfðar hugsanir og tilfinningar í tengslum við áfallið. Sjálfsmat stúlkunnar er lágt og hún glímir við umtalsverð kvíða- og þunglyndiseinkenni. (Brotþoli) var inniliggjandi á Barna- og unglingságeðdeild í sumar í kjölfar sjálfsvígstilraunar en flutti nýverið í Vinakot, sem er búsetuúrræði fyrir ungmenni með fjölpættan vanda. (Brotþoli) hefur ítrekað reynt að skaða sjálfa sig og hefur þ.a.l. þurft á sólarhringsvöktun að halda.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir þættir sem hafa mest forspárgildi varðandi alvarleika afleiðinga kynferðisbrota eru; tengsl geranda og þolanda, lengd tímabils sem kynferðisbrotin eiga sér stað og viðbrögð annarra (sérstaklega þeirra sem standa barninu næst) við frásögn barnsins. Hvað mál (brotþola) varðar eru nán tengsl milli hennar og meints geranda þar sem hann er faðir hennar. Þegar meintur gerandi kemur úr nærumhverfi barnsins eins og í tilfelli (brotþola) geta afleiðingar oft orðið alvarlegri þar sem meiri sjálfsásakanir, skömm og sektarkennd koma gjarnan fram síðar meir. Brot foreldris gegn barni sínu þýðir mikinn trúnaðarbrist í samskiptum og hefur í för með sér að viðhorf til samfélagsins og fjölskyldu raskast. Þegar um svo nán tengsl er að ræða getur meðferð tekið mun lengri tíma en almennt er gert ráð fyrir. Undirrituð telur að

meint brot hafi haft veruleg áhrif á líðan, tilfinningar og daglegt líf (brotapola) en það átti sér stað á mjög viðkvæmu tímabili í lífi hennar og yfir langt skeið. Að takast á við afleiðingar ofbeldis getur reynst sumum börnum mjög þungbært. Eins ber að geta að afleiðingar kynferðisbrota eru oft langvarandi og algengt er að fólk glími við afleiðingar slíkra brota á mismunandi skeiðum lífsins. t.d. í tengslum við kynlíf, meðgöngu eða fæðingar og í tengslum við áföll síðar á lífsleiðinni. Erfitt er að segja til um það með nokkurri vissu hve langvarandi erfiðleikar stúlkunnar komi til með að vera eða hver meðferðarþörf hennar verður til lengri tíma litið. Þó hafa rannsóknir sýnt að brýnt er fyrir þolendur kynferðisbrota að sækja meðferð til lengri eða skemmri tíma til að draga úr þeim skaða sem slík reynsla hefur í för með sér. (Brotapoli) sækir enn viðtöl til undirritaðrar og mun gera um óákveðinn tíma.“

13. Með rökstuddu álitni, sbr. ákvæði 145. gr. laga nr. 88/2002 um meðferð opinberra mála, og þá einkum með hliðstjón af framlögðum gögnum og ákvæði 108. gr. laganna, var það ákvörðun héraðssaksóknara, þann 3. september 2021, að fella mál brotapola niður.

Með rökstuddu bréfi, dags. 20. september 2021, kærði tilnefndur réttargæslumaður brotapola niðurfellinguna til ríkissaksóknara, sbr. heimildarákvæði 147. gr. nefndra laga nr. 88/2008.

Með rökstuddu álitni, dags. 22. desember 2021, var það afstaða ríkissaksóknara að fella fyrrgreinda ákvörðun héraðssaksóknara niður. Var jafnframt lagt fyrir héraðssaksóknara að gefa út áðurgreinda ákæru, og gekk það eftir þann 17. febrúar 2022.

14. Við meðferð málsins fyrir dómi var af hálfu ákærvalds aflað nýlegra sérfræðigagna um brotapola frá sérfræðingum í Barnahúsi, sérfræðingum á Landspítala, en einnig frá deildarstjóra Vinakots, sem eins og áður er komið fram er núverandi dvalarstaður brotapola.

15. Í vottorði P, sálfræðings í Barnahúsi, dags. 2. maí 2022, er m.a. vísað til hins fyrra vottorðs frá 18. ágúst 2021, sbr. lið 12 hér að framan. Á það er bent að brotapolni hafi farið í fimm viðtöl til viðbótar, á tímabilinu frá 24. september til 29. október 2021. Sagt er frá því að brotapolni hafi í þessum síðastgreindu viðtölum lýst áleitnum hugsunum varðandi sjálfsskaða, og er staðhæft að sú hegðan brotapola hafi í raun verið í samræmi

við tiltekna rannsóknir, þar sem leitt hafi verið í ljós að ungir þolendur kynferðisofbeldis sýni oft sjálfsskaðandi hegðun í þeim tilgangi að takast á við andlega vanlíðan sína.

Í vottorðinu segir að vegna hinnar alvarlegu áfallastreituröskunar brotaþola, sem m.a. hafi komið fram í forðun gagnvart hinu ætlaða kynferðisofbeldi, hafi henni ekki fyllilega tekist að nýta sér þær bjargir sem að henni hafi verið beint í meðferðinni, m.a. vegna hugrofseinkenna, en hún hafi átt það til að detta út í kennslutímum og þannig hafi hún misst tengslin við raunveruleikann og/eða umhverfið í kringum sig. Þá hafi birtingarmynd umræddrar forðunar einnig komið fram með þeim hætti að brotaþoli hafi forðast að rifja upp, hugsa og tala um hið ætlaða kynferðisofbeldi sökum þess að það hafi valdið henni mikilli vanlíðan, en af þeim sökum hafi hún heldur ekki treyst sér til að rita eigin áfallasögu. Í lokaorðum vottorðsins segir að vegna þessa ástands brotaþola hafi verið ákveðið að ljúka eiginlegri meðferð í Barnahúsi þann 29. október 2021. Í þess stað hafi verið ákveðið að mynda um brotaþola þverfaglegt teymi hjá barna- og unglingsdeild Landspítalans.

16. Í vottorði J, deildarstjóra á Vinakoti, dagsettu 11. apríl 2022, er m.a. staðfest, að brotaþoli hafi flust á nefnda stofnun í byrjun ágúst 2021. Tekið er fram að vegna alvarlegs andlegs ástands brotaþola, þ. á m. skapsveiflna, hafi hún æ síðan haft þörf fyrir þjónustu varðandi alla þætti daglegs lífs.

17. Í vottorði H, sérfræðilæknis á barna- og unglingsdeild Landspítala, dags. 14. maí 2022, segir að brotaþoli hafi fyrst lagst inn á legudeild spítalans þann 1. júní 2021 í kjölfar bráðavíðtals vegna sjálfsvígshættu, en að við útskrift hafi hún fengið fyrrgreint vistunarúræði í Vinakoti. Tekið er fram í vottorðinu að brotaþoli hafi eftir þetta þurft á tveimur innlögnum að halda, í byrjun nóvember 2021 og í byrjun janúar 2022. Um ástand brotaþola segir nánar í vottorðinu:

„Líðan hennar hefur áframhaldandi verið mjög óstöðug, miklar sjálfsvígshugsanir og sjálfsskaðahæðun og hefur hún verið undir eftirliti allan sólarhringinn vegna þessa í Vinakoti. Hún hefur verið í meðferð í Barnahúsi en líðan hennar verið metin of óstöðug til að hægt væri að hefja eiginlega áfallameðferð. Frá byrjun desember 2021 hefur hún verið í reglulegum viðtölum hjá Sigurði Levy sálfræðingi á stofu sem jafnframt vinnur á BUGL og hefur handleitt starfsmenn á Vinakoti. Lyfjameðferð til staðar. ... ber ... einkenni mikillar áfallastreitu sem m.a.

hafa birst í miklum sjálf skaða og óstöðugri og sveiflukenndri líðan. Mikil þunglyndiseinkenni hafa verið til staðar, deyfð, vonleysi og sjálfsvígshugsanir. Gert ítrekaðar sjálfsvígstilraunir. Álagsþol hennar hefur verið mjög takmarkað, hefur m.a. ekki treyst sér heim að nýju. Varðandi framtíðarhorfur og meðferðarþörf er erfitt að dæma á þessum tímamarki. Þó er hægt að segja að (brotapoli) ber djúp einkenni áfallastreitu sem vafalaust munu ætíð fylgja henni og marka spor í líðan hennar. Ljóst er að framundan, þegar hún verður tilbúin bíður mikil meðferðarvinna sem vonandi mun draga úr einkennum hennar og meðferðarþörf að einhverju marki þannig að hún geti lifað eðlilegu lífi og óstudd. Á þessum tímamarki er hinsvegar ekki fyrir séð hvenær það verður.“

18 Í vottorði I, sérfræðings í klínískri sálfræði barna og unglunga, dags. 23. maí 2022, um andlegt ástand brotþola er m.a. vísað til áðurrakins læknavottorðs H sérfræðilæknis. Tekið er fram að þegar vottorðið hafi verið ritað hafi sálfræðingurinn hitt brotþola í 18 skipti á stofu, og er tekið fram að markmiðið með þessum viðtölum hafi verið að hlúa að henni, en ekki að fjalla um ætluð brot gegn henni. Í þessu samhengi segir nánar um líðan brotþola: „... var mjög tætt andlega og mikið tilfinningalegt ójafnvægi til staðar, og gríðarlegur innri sársauki. ... Margt af því sem hún upplifir er tvíbent í merkingu sem veldur miklum ruglingi á því hvað henni á að finnast og stangast þar á tilfinningaleg upplifun og rökhugsun. ... er með mikil áfallastreitueinkenni og hafa viðtölin stundum reynst henni erfið jafnvel þó við séum ekki að tala beint um það sem gerðist en þá hefur umræðan á köflum leitt inn á hugrenningartengsl hjá henni sem hafa á köflum allt að því sett hana í hugrofsástand þar sem hún hefur misst áttun og nánast fallið í stafi, en hefur náð sér úr því. Þetta var hún oft að upplifa að hennar sögn en hefur minnkað til muna eftir sem liðið hefur á veturinn og hún er ekki eins hvell aum í hugrenningartengslum. ... Sársaukinn sem tengist þessu máli öllu og því sem hún hefur greint frá að hafi gerst er raunverulegur og samkvæmur sjálfum sér. Eftir að hafa kynnst henni í vetur og oft í miklum sársauka þá get ég sagt að hennar eðli er ekki að bera upp á aðra ávirðingar og hefur það verið áberandi að þegar hún hefur kvartað yfir einhverjum eða einhverju þá hefur hún jafnframt borið í bætifláka fyrir viðkomandi líka. Hún er í eðli sér tillitsöm en í mesta sársaukanum stendur henni stundum á sama um allt ekki síst sjálfa sig. Jafnvægi hefur aukist til muna og hún leyfir sér að taka meira þátt í lífinu fyrir sig.“

IV.

Skýrslur fyrir dómi.

1. Fyrir dómi hefur ákærði neitað sök samkvæmt 1. og 2. kafla ákæru.

Ákærði staðhæfði að samskipti hans við dóttur sína A, brotþola, hefðu í gegnum tíðina verið góð, en þó án þess að þau hefðu verið sérstaklega nánin, og var það ætlan hans að samband hennar við móður sína, vitnið B, hefði verið nánara. Hann áréttaði að öðru leyti frásögn sína hjá lögreglu, sem hann staðfesti, þ. á m. varðandi símasamskipti u.þ.b. viku áður en mál þetta var kært til lögreglu haustið 2020. Þá staðfesti hann að brotþoli hefði verið á heimili hans þá um sumarið, líkt og sumrin þar á undan, og þá jafnframt að hún hefði unnið við afgreiðslustörf í tiltekinni verslun. Ákærði staðhæfði að brotþoli hafi getað leitað til hans þegar hún hefði þurft á aðstoð hans að halda og bar að samband þeirra feðgina hefði í raun ekki breyst við skilnað hans og B árið 2015, að öðru leyti en því að það hefði ekki verið eins mikið og áður. Sagði hann að þar hefði helst komið til búferlaflutningar þeirra mæðgna og fjarlægðin á milli landshluta.

Ákærði lýsti þeirri skoðun að brotþoli hefði almennt verið heiðarleg í samskiptum og af þeim sökum kvaðst hann ekki hafa skýringar á þeim ásökunum sem hún hefði lýst hjá lögreglu, sbr. sakaratriðin í ákæru héraðssaksóknara.

Fyrir dómi neitaði ákærði alfarið einstökum sakaratriðum ákærunnar samkvæmt 1. og 2. kafla. Þá kannaðist ákærði ekki við að hann hefði orðið vitni að því að brotþoli fengi fullnægingu, og mótmælti frásögn hennar um það atriði, líkt og annarri frásögn hennar um hin ætluðu refsiverðu kynferðisbrot. Ákærði kvaðst hafa kynnt sér rannsóknargögn málsins og áréttaði að hann hefði enga skýringu á frásögn dóttur sinnar, brotþola, og sagðist m.a. ætla að ekki hefði komið til neinn ágreiningur þeirra um peningamál.

Ákærði skýrði frá því að eftir að kæra brotþola kom fram haustið 2020 hefði hann ekki verið í neinum samskiptum við hana, þrátt fyrir að vilji hans hefði staðið til slíks. Hann sagði að þar um hefði hann farið eftir ráðleggingum lögmanns síns. Ákærði neitaði frásögn fyrrverandi mágkonu sinnar, vitnisins F, að því er varðaði tiltekna hegðun hans í svefnherbergi í sumarhúsi á árum áður og jafnframt að hann hefði kallað dóttur hennar „litlu konuna sína“. Ákærði staðhæfði í því samhengi að hann hefði ekki kynferðislegan áhuga á börnum.

Ákærði játaði aðspurður að hann hefði snert kynfæri brotþola, en bar að það hefði hann aðeins gert þegar hún var mjög ung að árum og þá vegna „bleyjuskipta og

svoleiðis.“ Enn fremur kvaðst ákærði hafa aðstoðað brotþola í sturtu á hennar yngri árum, en hætti því þegar hún eltist, og nefndi í því sambandi við þriggja til fjögurra ára aldurinn, án þess að hann vildi fullyrða það nákvæmlega. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ætla að brotþoli hefði ekki séð kynfæri hans, en sagði ítrekað aðspurður um það atriði: „Ég man ekki til þess.“ Þá kvaðst ákærði ekki minnst neinna atvika eða aðstæðna í samskiptum við brotþola, sem hefðu getað talist til kynferðislegrar háttsemi af hans hálfu. Þá bar hann að þær ásakanir sem hann hefði heyrt við yfirheyrsluna hjá lögreglu hefðu komið flatt upp á hann og af þeim sökum hefði hann verið í hálfgerðu sjokki við skýrslugjöfina.

Nánar aðspurður um eigin hagi áréttaði ákærði að hann hefði um árabil unnið 12 klukkustunda vaktir í framleiðsluverksmiðju, og þá m.a. á árinu 2015, en einnig á árunum þar á undan, og þá ýmist á dag- eða næturvöktum samkvæmt sérstöku vaktakerfi. Hann áréttaði að þau hjónin hefðu bæði verið útivinnandi á þessum árum, en bar að B hefði unnið dagvinnu, en að auki leyst önnur störf af hendi á kvöldin, en af þeim sökum hefði hún verið utan heimilisins á virkum dögum og stundum um helgar, líkt og stundum hefði verið með hann. Ákærði sagði að heimilislífið hefði markast af þessu, en sagði aðspurður að hann hefði ekki oft verið einsamall á heimilinu með brotþola. Í því sambandi benti hann á að [...]brotþola, E, hefði mikið verið með þeim tveimur.

Ákærði neitaði því að brotþoli hafi sofið „uppi“ rúmi hans og þá ekki þegar móðir hennar, B, hefði verið utan heimilisins. Hann sagði að herbergi brotþola hefði verið á efri hæð húseignarinnar, og lýsti hann herbergjaskipaninni nánar, og bar að það skipulag hefði haldist á meðan hann bjó í húsinu og þá eftir skilnaðinn 2015. Ákærði staðhæfði að hann hefði aldrei verið í rúminu hjá brotþola.

Ítrekað aðspurður sagði ákærði frá því að svonefnt gestaherbergi á neðri hæð húseignarinnar að [...] hefði í minningu hans að mestu verið notað af eldri syni hans, D, og þar á meðal á árinu 2015, og þá allt þar til hann hefði flutt að heiman. Aftur á móti kvað hann litla íbúð á neðri hæðinni hafa að mestu verið notuð til útleigu. Ákærði staðfesti frásögn brotþola um að sturta hefði verið á neðri hæð húseignarinnar, en að baðkar hafi verið í íbúðinni á efri hæðinni. Ákærði staðfesti jafnframt þá frásögn brotþola að í nokkra mánuði eftir hinn raunverulega skilnað og áður en B fluttist til [...] síðsumars 2015 hefði hann haldið til í herbergi á neðri hæðinni, en ætlaði að um það leyti hefði eldri sonur hans einnig búið á neðri hæðinni, en þá í litlu íbúðinni.

Ákærði sagði að eftir skilnað þeirra hjóna á árinu 2015 og brottflutning B og yngri

barna hans síðla sumars hefði brotapolí komið á heimili hans einu sinni eða tvisvar á ári, og þ. á m. önnur hver jóla og þá í 10-12 daga í senn, en síðan öll sumur og þá vegna vinnu hennar í verslun, sem hún hefði sjálf náð sér í. Hann sagði að [...] brotapolá hefði á þessum árum líka verið í vinnu í heimabyggð hans. Ákærði sagði að vegna ferðakostnaðar hefði verið samkomulag milli hans og B um að börn þeirra kæmu sjaldan til hans í umgengni, en dveldu á móti lengur í hvert sinn.

Ákærði sagði að eldri dóttir hans, C, hefði flust af heimilinu eftir útskrift í framhaldsskóla.

Ákærði skýrði frá því að hann hefði gætt að bankareikningum og komist að því að hann hefði verið í sumarhúsi ættingja fyrrverandi eiginkonu sinnar, B, að [...], í eina viku í júnímánuði 2017, og þá ásamt [...]E og brotapolá. Ákærði sagði að móðir barnanna, B, hefði komið í sumarhúsið eftir vinnu þessa daga, en hann vísaði til þess að húsið væri aðeins í 7 km fjarlægð frá þéttbýlinu á [...].

Ákærði svaraði því til að hann minntist þess ekki að komið hefði í ljós eftir lækni skoðun brotapolá á árinu 2014 að hún hefði verið með roða og eymsli á kynfærunum, og bar að verkaskipting þeirra hjóna hefði verið með þeim hætti að B hefði alfarið séð um „læknisferðir.“ Hið sama hefði gilt um samskiptin við skólastofnanir barna þeirra, þó svo að hann hafi mætt á foreldrafundi þegar færi hefði gefist. Þá kvaðst hann á þessum tíma ekki minnast umræðu um hið ætlaða kynferðisbrot eldri sonar síns og hafi hann í upphafi því ekki haft vitneskju um hvenær það hefði átt að hafa gerst. Ákærði kvaðst síðar hafa heyrt umræðu um þessa ætluðu háttsemi sonar síns og bar að í tengslum við það hefði stúlkan farið suður með móður sinni. Ákærði staðhæfði að hann hefði í raun ekki haft vitneskju um eðli þessarar háttsemi drengsins og ekki spurst frekar fyrir um hana og þá ekki þannig að hann hafi rætt málefnið við nefnd börn sín. Hann sagði að þetta málefni hefði þannig alfarið verið á könnu móður barnanna, þ.e. þáverandi konu hans, B, og sagði að hann hefði verið „dálítið mikið í vinnunni á þessum tíma.“

Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa farið með brotapolá til félagsmálastofnunar í heimbyggð þeirra, [...], vegna andlegrar vanlíðunar hennar og þá í þeim tilgangi að hún hitti þar fyrir sálfræðinginn Ó. Ákærði bar að þegar þetta gerðist hefði hann ætlað að þessi vanlíðan brotapolá hefði helst tengst geðveilu, sem hann staðhæfði að væri til staðar í fjölskyldunni, og ekki áttað sig á því að nefndur sérfræðingur hefði verið á vegum Barnahúss. Hann kannaðist og við að hafa í eitt skipti beðið í húsnaði félagsmálastofnunar á meðan viðtal sérfræðingsins fór fram við brotapolá.

Nánar aðspurður kannaðist ákærði við að brotþoli hefði farið til læknis sumarið 2019 vegna bakflæðis, en áréttaði að hann hefði ekki haft vitneskju um að eitthvað hefði komið fyrir í lífi hennar eða í samskiptum þeirra tveggja og þá ekki þegar hún dvaldi á heimili hans og hinnar nýju sambýliskonu sumarið 2020. Hann kvaðst heldur ekki hafa séð sérstök merki hjá brotþola um vanlíðan, en sagði að hún hefði þó mikið haldið til í eigin herbergi á hinu nýja heimili, þ.e. þegar hún hafi ekki verið að vinna. Ákærði sagði að að þessu leytinu til mætti segja að breyting hefði orðið á líðan brotþola og að hún hefði þannig „frekar farið niður en hitt.“ Ákærði kvaðst því ætla að andleg líðan brotþola hefði verið betri á hennar á yngri árum, en treysti sér ekki til að segja til um ástæðu þessa.

Ákærði sagði að sumarið 2020 hefði það komið í ljós að brotþoli og sambýliskonan hefðu ekki átt samleið og ekki „verið miklar vinkonur.“ Hann kvaðst á hinn bóginn hafa skynjað að ágætt samband hefði verið með brotþola og dóttur sambýliskonunnar, fæddri árið [...], og sagði hann frá því að brotþoli hefði m.a. gefið stúlkunni tiltekna gjöf áður en hún hélt aftur á heimili sitt á [...] í lok sumarsins.

Fyrir dómi staðfesti ákærði að hann hefði farið í sólarlandaferðir með brotþola og [...] hennar, E, um jólin og áramótin 2019 og 2020. Hann sagði að í þeirri ferð hefði komið til þess að hann hefði vanhagað um fjármuni og að af þeim sökum hefði hann fengið peningalán hjá brotþola, með nokkrum fortölum, en þó án sérstakra vandkvæða. Ákærði viðurkenndi að hann hefði í kjölfar þessa gerst sekur um að taka í óleyfi frekari fjármuni út af bankareikningi brotþola, sbr. að því leyti framlagt bankayfirlit, sem hann kvaðst ekki véfengja. Að auki kvaðst hann hafa dregið það að endurgreiða brotþola fjármunina, þ.e. þá fjármuni sem hann hefði ekki haft leyfi hennar til að taka út, en staðhæfði að það hefði hann þó gert um síðir. Þá sagði ákærði að þarna hefðu einnig blandast inn í tiltekin kaup hans á tölvu fyrir brotþola og var það ætlan hans að þar hefði komið upp einhver misskilningur milli hans og brotþola, en staðhæfði að fyrrverandi eiginkona hans hefði ekki komið að þeim þætti.

2. Brotþoli, A, skýrði frá því fyrir dómi að aðdragandi þess að hún greindi frá hinni kynferðislegu háttsemi föður síns, ákærða, haustið 2020, hafi verið með þeim hætti að móðir hennar, B, hefði verið reið við ákærða, sökum þess að hann hafði stolið peningum af bankareikningi hennar. Hún sagði að fram til þessa hefði hún aðeins vikið að ætluðum brotum ákærða með óljósum hætti í tilteknum leik með vinkonum sínum í [...]. Hún sagði að þetta hefði gerst nokkrum misserum fyrr og hefði hún í raun ekki ætlað að opna á brot

ákærða sökum þess að hún hefði óttast reiði annarra, og þá ekki síst móður sinnar og þá við ákærða. Umrætt kvöld á heimili þeirra mæðgna hefði hún á hinn bóginn áttað sig á því að móðir hennar var þegar orðin reið við ákærða, enda hefði hún haft uppi orð um að kæra hann vegna fyrrgreindrar töku hans á peningum út af bankareikningi hennar, þ.e. brotþola. Hún hafi því ákveðið að láta til skarar skríða.

Brotþoli skýrði nánar frá því að það hefði sennilega verið nærri áramótunum 2018/2019 sem hún hefði í rauninni í fyrsta skiptið greint frá brotum ákærða, og þá í einkahófi með fyrrnefndum vinkonum, sem hún nafngreindi. Hún sagði að aðstæður hefðu verið með þeim hætti að þær hefðu verið í tilteknum leik, sem hafi gengið út á það að hver og ein þeirra skrifaði texta nafnlaust á bréfmiða. Við þetta tækifæri hefði hún skrifað setninguna: „Pabbi minn misnotaði mig.“ Hún hefði hins vegar í umræðum þeirra vinkvennanna strax á eftir fyrst áttað sig á alvarleika setningarinnar og grátið, en í framhaldi af því tekið þann pól í hæðina að halda því fram að setningin væri efnislega röng, enda hefði það verið bróðir hennar sem hefði átt hlut að máli, en ekki faðir hennar. Hún sagði að þennan viðsnúning hefði hún tekið þar sem vinkonurnar hefðu áður heyrt frásögn hennar um hin ætluðu brot bróður hennar gegn henni. Brotþoli kvaðst hafa gleymt þessum atburði þegar hún gaf skýrslu sína hjá lögreglu við rannsókn þessa máls. Brotþoli kvaðst þannig í raun aldrei skilmerkilega hafa skýrt frá ætluðum brotum föður síns og þá ekki í meðferðarviðtölum hjá þeim sérfræðingum, sem hún hefði verið hjá. Það hefði fyrst gerst fyrrnefnt kvöld og þá eftir símtal móður hennar við ákærða.

Brotþoli skýrði frá því að á hennar barnsárum hefði hún fundið fyrir væntumþykju í garð föður síns, ákærða, en bar að þegar árin liðu hefði dregið úr þeirri kennd og staðhæfði hún að eftir það hefði hún ekki átt í sérstöku sambandi við hann þó svo að þeim hefði lynt ágætlega saman. Hún kvaðst þannig ekki hafa leitað sérstaklega til hans varðandi eigin málefni. Brotþoli sagði að hún hafi ekki fundið til sérstakrar ánægju þegar hún hefði þegið boð ákærða um að fara með honum í sólarlandaferðina um áramótin 2019/2020, og staðhæfði að hún hefði raunar verið „stessuð allan tímann.“ Hún hefði þó notið ferðarinnar, en þá aðallega vegna samvistanna við [...] E, sem einnig hefði verið með í ferðinni.

Fyrir dómi staðhæfði brotþoli að ákærði hefði byrjað að brjóta gegn henni kynferðislega þegar hún var fimm ára, og bar að fyrstu brot hans hefðu gerst skömmu áður en hún hóf eiginlega skólagöngu. Hún kvaðst minnst þess að í fyrsta skiptið sem ákærði braut á henni hefði hún farið með honum í sturtu á neðri hæðinni í húseigninni að

[...], og bar að af þeim sökum hefðu þau bæði verið nakin. Hún sagði að við þetta tækifæri hefði ákærði beðið hana um að setjast ofan á sig á baðherbergisgólfinu, en um leið hefði hún séð að hann var að „fikta í typpinu ... Hann var bara að runka sér.“ Hún sagði að á þessu tímabili hefði það oft gerst að ákærði aðstoðað hana í sturtunni og þá m.a. með því setja á hana sápunu. Hún sagði að við þessar aðstæður og álíkar þeim hefði hún veitt því eftirtekt að ákærða varð sáðlát, en sagði einnig um athæfi hans: „... ég átti bara að runka honum eða eitthvað svoleiðis, bara koma við typpið hans eða eitthvað svoleiðis. ... Já og hann bað mig líka oft um að totta sig.“ Hún sagði að samhliða þessu hefði ákærði komið við klofið á henni og sagði: „... hann var að kitla mig.“ Hún kvaðst minnst þess að vegna hins fyrsta brots ákærða hefði henni liðið illa, en sagði um lok sturtuferðarinnar: „... hann hélt áfram í sturtu og kláraði svo ... og hjálpaði mér svo við að þurrka mér.“

Brotapoli kvaðst ekki minnst þess hversu oft ákærði hefði brotið gegn henni í sturtunni á neðri hæðinni eða í baðherberginu á efri hæðinni, en sagði: „Það gerðist alveg nokkrum sinnum svona til 7 ára aldurs eða eitthvað svoleiðis.“ Þá bætti hún við: „Hann notaði stundum sturtuhausinn til þess að örva píkuna mína ... eitthvað fimm sinnum, eitthvað svoleiðis.“ Hún áréttaði að á meðan á þessu athæfi ákærða stóð hefði hann runkað sér og að hún hefði séð að honum varð sáðlát. Hún áréttaði jafnframt að ákærði hefði viðhaft athæfið margoft, og minntist þess að í eitt skiptið hefði þetta gerst í sánaklefanum, sem hefði verið tengdur sturtunni á neðri hæðinni. Hún áréttaði að um síðir hefði ákærði hætt að aðstoða hana í sturtu- og baðferðum.

Fyrir dómi lýsti brotapoli einnig annarri kynferðislegri háttsemi ákærða, sem hefði beinst gegn henni á svipuðu aldurs skeiði hennar og þegar fyrrnefndar bað- og sturtuferðir gerðust. Hún sagði að þær athafnir hefði ákærði viðhaft í baðherberginu á efri hæð húseignarinnar og sagði um það nánar aðspurð: „Ég man að mjög oft bað hann mig um að koma með sér inná baðherbergið og ég veit ekki af hverju en hann notaði eyrnapinna til þess að gera eitthvað við píkuna á mér. ... hann bað mig um að leggjast á handklæði sem hann setti á gólfið og svo tók hann eyrnapinna sem hann var eitthvað, já, mjög skrýtið ... setja eyrnapinnann inn og var bara að nudda, ég veit ekki, þetta var rosa skrýtið, en ég man að mér fannst það vont, en ég sagði það ekki.“ Hún sagði að af öllu því athæfi sem ákærði hefði viðhaft gegn henni hefði þetta verið það versta, enda hefði hún fundið fyrir sársauka og sagði: „Það var bara mjög óþægilegt og skrýtið.“

Brotapoli sagði að ákærði hefði einnig á þessu sama aldurs skeiði hennar, þ.e. við sex til sjö ára aldurinn, brotið gegn henni kynferðislega í svonefndu gestaherbergi á neðri

hæð húseignarinnar. Hún sagði að er það gerðist hefði ákærði beðið hana um að koma með sér og þá jafnframt haft á orði að hún mætti ekki segja neinum frá og síðan læst að þeim. Um þessa háttsemi ákærða sagði hún nánar: „... hann klæðir sig úr og tekur mig úr buxunum ... og nærbuxunum ... og ... byrjar að sleikja hana og svona ... bara sleikja píkuna og stundum lét hann typpið svona nudda píkuna mína ... setti það aldrei inn. Hann reyndi samt að setja það inní rassinn og ég fór að gráta og hann sagði að ég ætti að segja að ég hefði bara dottið á rassinn eða eitthvað svoleiðis af því að ég fór að gráta, ef mamma myndi spyrja þá var það bara ég datt. En hann reyndi aldrei minnir mig, já hann reyndi aldrei að setja inn í píkuna samt. En hann var samt oft að nudda upp við hana.“ Hún kvaðst ekki muna hvort ákærða hefði orðið sáðlát við þessar aðfarir, en sagði nánar um athæfi hans: „Hann var oft eitthvað að snerta sjálfan sig og snerta mig og bað mig um að hérna að totta sig og ég man að ég kúgaðist þannig að ég man að ... þreif typpið sitt þannig að ég gæti tottað hann án þess að kúgast. ... og hérna og ég man ekki alveg akkúrat hvenær þetta gerist.“

Brotapoli vísaði til þess að ákærði, en einnig eldri systkini hennar, hefðu sofið í tilteknum herbergjum á efri hæð húseignar þeirra að [...], en einnig í herbergjum á neðri hæðinni, svo og í litlu íbúðinni þegar hún hefði ekki verið í útleigu, en kvaðst eiga erfitt með að tímasetja það nánar. Nánar aðspurð kvaðst hún ekki vita til þess að aðrir heimilismenn hefðu haft vitneskju um fyrrgreindar herbergisferðir hennar með ákærða, þó svo að stundum hefði það gerst að þeir hafi verið á heimilinu þegar atvik máls gerðust.

Fyrir dómi kvaðst brotapoli helst minnast kynferðisbrota ákærða þegar hún var orðin aðeins eldri, og bar að þá hefði athæfi hans einnig verið með öðru sniði, en almennt sagði hún um þau tilvik: „... ég var orðin eldri ... 10-14 ára. ... seinasta tilfellið gerist þegar ég var 14 ára ... þá var hann ... alltaf að biðja mig um að koma og kúra hjá sér meðan hann var nakinn og byrjaði svo að kitla mér, kitla mig og endaði á klofinu ... að fróa mér. ... Þetta var yfirleitt um kvöldið, en stundum gerðist þetta bara um miðjan dag þegar E ([...]) var ekki heima.“

Brotapoli sagði að þegar ákærði braut á henni með þessum síðastgreinda hætti hefðu eldri systkini hennar verið flutt að heiman, enda hefði ákærði viðhaft þessa háttsemi eftir skilnað foreldranna árið 2015 og þá eftir að móðir hennar hafði flust búferlum til [...]. Hún hefði því verið í umgengnisheimsóknum hjá ákærða.

Brotapoli sagði nánar aðspurð um atvik og aðstæður varðandi hin síðastgreindu ætluðu brot ákærða, að í umræddum umgengnisheimsóknum hefði [...].hennar, E, ætíð

verið með henni, en sagði nánar um viðveru bróður síns: „... hann var stundum ekki heima af því að hann var að vinna ... af því að þetta var um sumarið þegar ég var, við vorum bæði að vinna ... og já stundum gerðist þetta á meðan hann var heima og ég man einhvern tímann þá kom hann inn, ... E, en sængin var yfir og ég held að E hafi bara haldið að ég væri bara að kúra hjá honum ... á meðan við vorum að horfa á sjónvarpið og E var þar líka, en hann varð ekki var við neitt, því að hann var í stól svona fyrir framan ... en þá var hann actually að snerta mig. ... Ég þorði aldrei að segja nei þótt mig langaði ekki að kúra, þá þorði ég ekki að segja nei, því hann sagði bara: „viltu koma?“ og ég bara okeiii.“

Brotapoli sagði að ákærði hefði m.a. brotið gegn henni, og þá með greindum hætti, í því herbergi sem hann hefði sofið í hverju sinni í húseigninni að [...] í bæjarhverfinu [...], en bar að það hefði hann einnig gert í hennar eigin herbergi. Að auki kvað hún ákærða tvívegis hafa brotið gegn henni í herbergi í núverandi húseign hans í bæjarhverfinu [...], þ.e. eftir að hann fluttist búferlum á árinu 2017 eða 2018. Hún kvaðst ætíð hafa verið í náttfötum þegar þetta gerðist og því hefði ákærði farið „ofan í ... strenginn ..., ofan í buxurnar og stundum tók hann mig úr þeim til að það yrði léttara fyrir hann.“

Brotapoli greindi frá því að hún hefði ákveðið að segja ekki frá kynferðisbrotum ákærða og sagði þar um: „Bara útaf því að ég hélt að allir myndu verða reiðir út í mig því ég hélt að þetta væri mér að kenna og mig langaði ekki að fólk yrði reitt út í mig eða mig langaði heldur ekki að fólk yrði reitt út í hann, ... hann sagði bara alltaf að þetta væri okkar litla leyndarmál.“ Brotapoli sagði að ákærði hefði ekki átt kynferðislega við sjálfan sig á meðan á þessu síðastgreinda athæfi hans stóð, en þó hefði hann e.t.v. fiktað í typpinu, en hún kvaðst ekki hafa séð hann fá sáðlát. Eftir verknaðina kvaðst hún þó stundum hafa heyrt í ákærða og þá ályktað að hann hefði verið að stundað sjálfsfróun.

Brotapoli skýrði frá því að vegna þessara síðastgreindu brota ákærða hefði hún fengið fullnægingu, en treysti sér ekki til að segja um hvenær það gerðist í fyrsta skiptið. Hún sagði að þetta hefði þó oft gerst og sagði: „... þegar hann byrjaði að kitla mig þá spurði hann mig, á ég að kitla hana? ... og ég var bara svona ... uhummm ... sagði já, sagði annað hvort já eða var bara svona einhvern veginn herna, ehm og svo var hann oft að spyrja mig hvort mér fyndist þetta gott ... en ég vissi ekki hvað fullnæging væri á þessum tíma ... en mér leið alltaf ógeðslega illa eftir á ... líkamlega og andlega ... mér leið eins og ég gæti ekki labbað stundum útaf bara stressi ... hélt stundum að þetta væri rétt ... ég

vissi ... á tímabili að mér fyndist þetta gott á meðan þetta væri, en svo leið mér illa og ég held ég hafi bara sóst í þá tilfinningu.“

Brotapoli greindi frá því að samskipti hennar við systkinin hefðu á þessum árum í raun verið góð, og staðhæfði að þau hefðu einnig verið nán. Aftur á móti kvað hún, fyrir utan þau atvik sem komu til af lýstum brotum ákærða, samskipti þeirra tveggja hafa nær engin verið.

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði aldrei lagst gegn því að fara til ákærða í umgengni. Hún sagði að það hefði komið til af því að hún hefði ekki viljað vekja upp grunsemdir, sem hún kvaðst hafa ætlað að kæmu upp ef hún hefði neitað að fara til hans. Hún sagði að sama hugsunin hefði verið uppi á teningnum þegar hún hefði farið með ákærða í fyrrnefnda sólarlandaferð. Á síðari stigum kvað hún hina launuðu vinnu, sem hún hefði stundað í heimabyggð ákærða, einnig hafa spilað inn í þessa afstöðu hennar, og þá um viðveru á heimili ákærða.

Brotapoli skýrði frá því að ákærði hefði einnig brotið gegn henni kynferðislega í sumarhúsi fjölskyldunnar að [...]og þá með sama hætti og hún hefði hér síðast lýst. Hún sagði að þau brot hans hefðu verið fleiri en tíu, og þá á árunum 2012-2015. Hún kvaðst sérstaklega minnst þess þegar ákærði braut gegn henni í fyrsta skiptið, enda hefði hún þá verið veik og ekki getað farið út úr húsinu með öðrum í fjölskyldunni. Hún sagði og að af þessum sökum hefði ákærði verið hjá henni innandyra. Hún sagði að í önnur skipti hefði ákærði brotið gegn henni við svipaðar aðstæður, þ.e. þegar þau hefðu verið ein í húsinu, eða þá á nóttunni þegar aðrir hefðu verið sofandi. Nánar aðspurð staðhæfði brotapoli að ákærði hefði ekki komið í sumarhúsið eftir skilnað foreldra hennar á árinu 2015. Nánar aðspurð um tiltekna tímasetningar, og þá m.a. í ljósi áðurrakinnar skýrslu hennar hjá lögreglu, kvaðst brotapoli ekki treysta sér til að segja til um hvort brot ákærða í sumarhúsinu hefði gerst á árinu 2016 eða 2017, en bætti því við að brot hans hefðu gerst þegar hún hefði verið í tiltekinni koju og vísaði þar um til fyrrgreindra byggingarteikninga. Aftur á móti leiðrétti hún fyrri frásögn sína og staðfesti að hún hefði í eitt skipti farið með ákærða og [...]sínunum í sumarhúsið á árinu 2017. Hún kvaðst aftur á móti ekki minnst þess hvort ákærði hefði í það sinnið brotið gegn henni, og um fjölda hinna ætluðu brota sagði hún: „Mig minnir að þetta gerist allavegana tvisvar, kannski þrisvar.“

Brotapoli sagði að ákærði hefði síðast brotið gegn henni kynferðislega um páskana 2018, og bar að það hefði gerst í hinum nýju húsakynnum hans, en þó áður en

sambýliskonan flutti þangað inn. Hún sagði að þegar þetta brot gerðist hefði hún verið í umgengni hjá ákærða, ásamt nefndum [...]sínunum, en ætlaði að hann hefði þá verið sofandi. Hún sagði að ákærði hefði hafið athæfið með kitli, en í framhaldi af því hefði hann fróað henni. Hún sagði að ákærði hefði ekki leitað á hana eftir þetta, og kvaðst ætla að ástæðan væri sú að hún hefði verið orðin of gömul. Um eigin hugrenningar og um orð ákærða sagði hún: „Ég veit það ekki útaf því að á tímabili var ég ... að fara til hans, stundum ekki, þannig að þetta var svona skrytið en samt gott ... að þetta væri hætt. ... hann sagði ég held að þetta sé ekki lengur sniðugt.“

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði verið á heimili ákærða og sambýliskonu hans sumarið 2020, og þá líkt og tvö sumrin þar á undan verið í launaðri vinnu. Hún staðhæfði að ekkert hefði komið upp á í samskiptum hennar og ákærða þetta sumar og tók fram að þau hefðu í raun aldrei rifist, og þá ekki heldur vegna hinna óleyfilegu peningaúttekta sem hann hafði þá þegar viðhaft af bankareikningi hennar, m.a. í sólarlandaferðinni. Þá kvaðst hún engar athugasemdir hafa haft uppi sökum þess að ákærði hafði þá nýverið hafið búsakap með fyrrnefndri konu, og þó svo að þær hefðu ekki fyllilega átt skap saman. Hún kvað sér þó umrætt sumar hafa fundist sem að hún þyrfti að gæta ungrar dóttur sambýliskonunnar fyrir ákærða, enda hefði hún óttast að hann myndi snerta hana og láta hana snerta sig.

Aðspurð árétaði brotapoli að eldri bróðir hennar hefði á hennar yngri árum brotið gegn henni kynferðislega og ætlaði að það hefði gerst á árinu 2011 eða 2012 og að athæfi hans hefði staðið yfir í um eitt ár, en nánar um gjörðir hans hafði hún svofelld orð: „... hann lét mig horfa á klám og lét mig runka sér.“ Jafnframt sagði hún að þessi bróðir hennar hefði snert píkuna, en kvaðst ekki minnst þess að hann hefði farið inn í leggöngin og stahæfði að hann hefði ekki meitt hana líkamlega. Hún staðhæfði jafnframt að bróðir hennar hefði byrjað á þessu brotum gegn henni eftir að faðir hennar, ákærði, hefði hafið sín brot gegn henni.

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði á síðari stigum, og þá m.a. fyrir tilstilli móður, náð sáttum við nefndan bróður sinn og sagði að í dag væru þau vinir, en af þeim sökum hefði hún hætt að hugsa um hið kynferðislega athæfi hans.

Fyrir dómi staðfesti brotapoli að hún hefði farið í lækni skoðun á barnsaldri, þ.e. árið 2014, og bar að það hefði verið vegna húðbits á húð. Hún kvaðst minnst þess að við þetta tækifæri hefði sá læknir sem skoðaði hana einnig viljað skoða kynfæri hennar og bar að hún hefði þá verið mjög rauð á því svæði. Hún sagði að þessi roði hefði

örugglega komið til vegna brota föður hennar enda hefði hann oftast en einu sinni reynt að setja typpið inn í rassinn á henni, og af þeim sökum hefði hún fundið til í endaparminum. Hún kvaðst hins vegar hafa svarað spurningum læknisins á þá leið að það hefði verið bróðir hennar sem hefði snert hana, og vísaði hún til þess að þegar atvik máls gerðust hefði hún verið mjög reið honum. Þetta hefði þó ekki verið sannleikanum samkvæmt enda hefði bróðir hennar hætt brotum sínum gegn henni þremur mánuðum fyrir læknisskoðunina, en sagði nánar aðspurð þar um: „Eða var það kannski lengri tími, eitt ár eða eitthvað.“

Ítrekað aðspurð fyrir dómi kvaðst brotþoli minnst þess að ákærði hefði tvívegis reynt að komast inn í endaparm hennar með lýstum hætti, og áréttaði að hún hefði af þeim sökum fundið fyrir sársauka. Hún kvaðst ætla að ekki hefðu verið liðin meira en tvö ár frá þessu athæfi hans þar til hún fór í fyrrnefnda læknisskoðun. Í þessu samhengi kvaðst brotþoli minnst þess að hafa orðið vör við að ákærði hefði oftast en í tuttugu skipti haft sáðlát, og í því sambandi vísaði hún helst til þess að hann hefði alltaf farið inn á baðherbergið til þess að þvo sér um hendurnar.

Brotþoli skýrði misvísandi frásögn sína að því er varðaði orð hennar um sáðlát ákærða, og þá miðað við frásögn hennar hjá lögreglu þannig: „Þá hef ég örugglega ekki munað það eða þá að ég vildi ekki segja það, ég veit ekki, ég var á mjög vondum stað þarna þegar ég fór í þessa skýrslutöku.“

Brotþoli skýrði frá því að brot eldri bróður hennar hefðu átt sér stað í svefnherbergjum hans á hinu fyrra heimili þeirra að [...], og þá bæði á efri og neðri hæðinni, og þá m.a. í fyrrnefndu gestaherbergi. Hún vísaði til þess að móðir hennar hefði komist á snoðir um brot bróður hennar og hefði af þeim sökum átt orðastað við hann. Hún staðhæfði að hann hefði í framhaldi af því hætt háttseminni. Hún sagði að móðir hennar hefði vegna læknisskoðunarinnar á árinu 2014, og vegna orða hennar við lækninn um athæfi bróðursins, virst verða mjög undrandi, þrátt fyrir að hún hefði þá þegar vitað um háttsemina. Vegna þessara viðbragða kvaðst brotþoli hafa orðið ringluð og hafi ætlað að hún hefði gert eitthvað rangt. Hún staðhæfði að móðir hennar hefði skýrt föður hennar, ákærða, frá athæfi bróður hennar.

Nánar aðspurð fyrir dómi bar brotþoli að ákærði og nefndur bróðir hennar hefðu í raun brotið gegn henni á sama tímaskeiðinu og sagði: „Stundum var það sama dag. Stundum fór ég bara frá einum til annars.“ Hún sagði að þeir tveir hefðu þó ekki vitað um gjörðir hvor annars á þessum tíma.

Brotapoli áréttaði að hún hefði séð klámefni í tölvu bróður síns, en ætlaði að slíkt efni hefði ekki verið í tölvu ákærða. Hún sagði að þessi atriði rynnu þó nokkuð saman í huga hennar, en bar að á nefndum árum hefði hún fengið að leika sér í tölvu ákærða. Hún kvaðst ekki minnst þess að hafa séð slíkt efni við þann leik sinn.

Brotapoli staðhæfði að aðrir en ákærði og eldri bróðir hennar hefðu ekki brotið gegn henni kynferðislega.

Brotapoli svaraði þeirri spurningu fyrir dómi hvort verið geti að hún hafi blandað í huga sér hinum ætluðu brotum ákærða og eldri bróður síns saman, og sagði:

„Já, af því að bara sum atriði man ég ekki alveg hvort að það var hann eða hann ... þetta var allt mjög svipað.“ Brotapoli kvaðst þannig ekki vera 100% viss um nokkur þau atriði sem hún hefði lýst hér fyrir dómi og þá hvort ákærði hefði átt þar hlut að máli ellegar bróðir hennar, þó svo að hún hafi verið alveg örugg um önnur atriði. Þannig kvaðst hún ekki geta fullyrt um hvort það hefði verið ákærði eða bróðir hennar sem hefði reynt að setja lim sinn í endaparm hennar. Þá treysti hún sér ekki alveg til að segja til um hvort hún hefði einungis séð klámefni í tölvu bróður síns eða hvort hún hefði einnig séð slíkt efni í tölvu ákærða. Að öðru leyti kvaðst hún fyllilega standa við framburð sinn fyrir dómi um háttsemi ákærða, þ.e. að brot hans hefðu átt sér stað í fyrrgreindum herbergjum á fyrrverandi heimili þeirra, en einnig í sumarhúsi fjölskyldu hennar að [...].

Brotapoli staðfesti að nokkru fyrir dómi efni rannsóknargagna, og þar á meðal að eftir að hún fluttist búferlum til [...]hefði hún rætt málefni sín við skólahjúkrunarfræðing og að við það tækifæri hefði hún skýrt frá eigin minningum um kynferðisbrot eldri bróður síns og að þær hefðu verið að herja á hana. Hún sagði að raunin hefði þó verið sú að á sama tíma hefðu minningarnar um brot föðurs síns, ákærða, einnig átt þátt í andlegri vanlíðan hennar, en hún þó ekki nefnt það við hjúkrunarfræðinginn. Brotapoli vísaði til þess að hún hefði oft stuðst við minningarnar um brot bróður síns og rætt þær, en aldrei haft orð á athæfi ákærða, þrátt fyrir hvatningu sérfræðinga, þ. á m. lækna, sálfræðinga og starfsmanna Barnhúss, um að réttast væri að hún skýrði frá öllum þeim áföllum sem hún hefði mátt þola. Hún sagði að þessi afstaða hennar og þögn hefði breyst með árunum, enda hefði hún að lokum náð fullkomnum sáttum við bróður sinn, en að auki fengið aðstoð fagaðila í Barnahúsi til þess að vinna úr eigin minningum sem tengdust athæfi hans. Hún sagði að eftir hefðu hins vegar setið minningarnar um brot ákærða. Hún áréttaði að fyrir utan að hafa vikið að þeim minningum við vinkonur sínar, með misvísandi hætti, hefði hún fyrst rætt um brot hans haustið 2020 við móður sína, en síðar

og þá með mun nákvæmari hætti við skýrslugjöfina hjá lögreglu, sem þó hefði ekki verið eins ýtarleg og hún hefði viðhaft hér fyrir dómi. Þar um vísaði hún m.a. til þess að andleg líðan hennar hefði farið batnandi hin síðustu misserin og hún jafnframt gert sér grein fyrir að athæfi ákærða hefði í raun verið mjög rangt. Því til viðbótar hefði hún munað málsatvikin betur. Hún hefði þó aðeins lítillega greint nefndum sérfræðingum frá inntaki þessarar háttsemi og þeirra brota sem ákærði hefði viðhaft gegn henni.

3. Vitnið G framhaldsskólanemi kvaðst hafa þekkt til A, brotþola, áður en hún fluttist til [...] á árinu 2015, en sagði að eftir það hefðu þær kynnst vel og orðið miklar vinkonur, og sagði vitnið m.a. frá því að þær væru í reglulegum netsamskiptum. Vitnið skýrði frá því að árið 2018 eða 2019 hefðu þær tvær verið í vinkonuhófi, og hafi mál þá þróast á þann veg að þær hefðu farið í tiltekinn leik sem hefði falist í því að hver og ein þeirra ritaði með vinstri hendi tiltekið leyndarmál á miða, setningu, en þá nafnlaust. Hafi leikurinn falist í því að giska á hver hefði skrifað einstakar setningar. Vitnið sagði að þegar sá miði hefði verið lesinn upp þar sem ritað hafði verið á efnislega: „Ég hef verið misnotuð af þabba mínum síðan ég var 6 ára“ hefði fát komið á vinkonuhópinn. Vitnið kvaðst hafa veitt því eftirtekt þegar þetta gerðist að brotþoli hafi verið „svólítið stressuð“. Vitnið sagði að fljótlega hefði komið í ljós að það hefði verið brotþoli, sem hafði ritað umrædda setningu. Vitnið sagði að brotþoli hefði strax haft á orði að efni setningarinnar ætti ekki við rök að styðjast. Vitnið kvaðst ekki hafa lagt trúnað á þessi síðustu orð brotþola, og hafi álitnið að hún vildi „fela eitthvað.“ Vitnið kvaðst því hafa rætt málefnið frekar við brotþola, en sagði um viðbrögð hennar: „Hún (brotþoli) vildi svo sem ekki segja rosalega mikið um það. Það var ekki fyrr en árið 2020 eða 2021, sem við töluðum meira um það.“ Vitnið sagði að þegar það gerðist hefðu þær vinkonurnar verið að ræða um hvernig hefði verið brotið á þeim í gegnum tíðina og bar að þá hefði brotþoli sérstaklega nefnt brot föður síns. Vitnið sagði að slíkar umræður þeirra í milli hefðu reyndar farið fram áður, en sagði að brotþoli hefði þá jafnan haft á orði að hún væri eigi að segja satt. Í þeim tilvikum kvaðst vitnið þó ávallt hafa skynað að hún væri í raun að segja sannleikann. Nánar aðspurt sagði vitnið að brotþoli hefði aldrei lýst ætluðum brotum föður síns, en aftur á móti hefði hún heldur aldrei minnst á að einhver annar aðili en faðir hennar hefði átt hlut að máli.

Vitnið skýrði frá því að það hefði skynjað það á brotþola að hún hefði ávallt verið mjög treg til að fara á heimili föður síns, en þó farið vegna þeirrar vinnu sem hún hafði fengið í sveitarfélagi hans. Vitnið sagði að því til viðbótar hefði hún nefnt

að hún ætti vini í sveitarfélaginu. Þá kvaðst vitnið minnst þess að brotaþoli hefði rætt um sólarlandaferð, sem hún hefði farið í, en bar að hún hefði jafnan lýst ánægju sinni vegna samverunnar með bróður sínum, en hins vegar ekki rætt mikið um föður sinn.

4. Vitnið B, móðir brotaþola, lýsti atvikum máls með líkum hætti og hún hafði áður gert hjá lögreglu, að því er varðaði fjölskylduhagi, búsetu, atvinnuþátttöku, dvöl í sumarhúsi stórfjölskyldunnar í [...], skilnaðinn við ákærða, búferlaflutninginn síðsumars 2015 og loks frá tildrögum þess þegar brotaþoli skýrði frá hinum ætluðu kynferðisbrotum ákærða haustið 2020, sbr. kafla II, lið 5 hér að framan. Vitnið tók fram að alla tíð hefðu þær mæðgur verið mjög nánar.

Vitnið sagði að orð brotaþola um hin ætluðu brot ákærða hefðu verið almenn, líkt og það hefði greint frá í lögregluskýrslu. Fyrir dómi endurtók vitnið efnislega hina fyrri frásögn sína og þá um það sem brotaþoli hafði sagt umrætt kvöld. Þá áréttaði vitnið að þetta hefði gerst eftir að þær mæðgur höfðu farið yfir fyrrnefndan bankareikning hennar vegna úttekta ákærða. Vitnið sagði að við þessar aðstæður hefði það verið „svolítið reitt“ og því hringt í ákærða og gefið honum stuttan frest til að endurgreiða brotaþola. Vitnið sagði að skömmu eftir símtalið hafi brotaþoli byrjað að gráta, en í framhaldi af því hefði hún sagt efnislega: „Að pabbi hennar hefði misnotað hana frá ca 6 ára aldri. ... það hafi ekki einungis verið bróðir hennar sem hafi brotið á henni ... Þeir hefðu byrjað athæfðið á svipuðum tíma.“ Vitnið sagði að brotaþoli hefði jafnframt sagt að ákærði hefði misnotað hana við nær hvert tækifæri sem hún (móðirin) hefði ekki verið innandyra á fyrrverandi heimili þeirra að [...] eða inni í sumarhúsinu að [...]. Vitnið sagði að brotaþoli hefði lýst verknaðaraðferðum ákærða og sagt að hann hefði nuddað kynfærum sínum að hennar og notað fingur, en eftir einhvern árafjölda hefði henni farið að þykja þetta gott og hafi verið farin að sækja í það, en þá jafnframt skammast sín fyrir það, og loks hefði vitnið skilið brotaþola svo að athæfinu hefði lokið: „... þegar hún er 14, eitthvað svoléiðis, 13-14.“ Vitnið sagði að um tveimur til þremur vikum eftir þessa frásögn hefði það heyrt brotaþola hafa á orði að ein af ástæðunum fyrir því að hún hefði viljað bera fram kæru gegn ákærða hefði verið að núverandi sambýliskona ákærða ætti unga dóttur. Vitnið sagði að brotaþoli hefði samhliða haft uppi þá fyrirspurn hvort barnavernd myndi ekki örugglega gæta að velferð stúlkunnar.

Vitnið skýrði frá því að eftir skilnað þess við ákærða á árinu 2015 hefði hann í eitt skipti komið í sumarhús fjölskyldunnar að [...]og sagði að hann hefði þá haldið þar

til með brotþola og [...] hennar. Vitnið kvaðst í það sinnið einnig að hluta til hafa verið í húsinu enda það aðeins verið í um 10 mínútna akstursfjarlægð frá núverandi heimili þess á [...].

Vitnið skýrði frá því að eftir að heilsugæslulæknir hafði ritað fyrrnefnda tilkynningu til félagsmálayfirvalda á árinu 2014 hefðu brot eldri bróður brotþola verið tekin til umfjöllunar. Vitnið staðhæfði að þá hefði m.a. komið í ljós að brot hans hefðu gerst nokkru fyrr, eða á árinu 2010 eða 2011. Vitnið kvaðst hafa rætt málefnið „eitthvað aðeins“ við ákærða, og staðhæfði að hann hefði stundum farið með brotþola til [...] til fundar við sálfræðing Barnahúss. Vitnið kvaðst hafa ætlað að bakslag hefði komið í bata brotþola á árinu 2019 vegna fyrrnefndrar háttsemi eldri bróður hennar. Vitnið sagði að það hefði einmitt verið ástæða þess að þær mæðgur hefðu á ný leitað ásjár hjá barnaverndarnefndinni á [...].

Vitnið skýrði frá því að brotþoli hefði á æskuárum sínum sýnt erfiða hegðun, sem hefði tengst skólastarfi hennar. Vitnið kvaðst hafa álitnið, sökum þess að bróðir hennar hafði þá þegar verið greindur með ADHD, að eins væri farið með hana. Vitnið sagði að brotþoli hefði á barnsaldri verið lífsglöð telpa, en sagði að við sjö til átta ára aldurinn hefði deyfð komið yfir hana.

Vitnið skýrði frá því að það hefði ekki betur séð en að ákærði og brotþoli hefðu átt góð og nán samskipti á barnsárum þeirrar síðarnefndu. Vitnið kvaðst m.a. minnst þess að brotþoli hefði setið í fangi hans fyrir framan sjónvarpið og kvaðst ætla að hún hefði verið öllu nánari honum en hin börnin þrjú. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt í þessum samskiptum. Vitnið sagði að brotþoli hefði heldur aldrei sýnt neina andstöðu við að fara í umgengni til ákærða eftir hinn endanlega skilnað þeirra hjóna árið 2015 og ekki heldur þegar hún hefði farið með honum í sólarlandaferðina um jólin og áramótin 2019 og 2020. Vitnið sagði að vegna alls þessa hefði fyrrnefnd frásögn brotþola um ætluð kynferðisbrot ákærða komið því mjög á óvart. Vitnið sagði aðspurt að brotþoli hefði ekki verið gjörn á að búa til sögur og hefði það raunar aldrei staðið hana að ósannindum. Vitnið sagði að á hjúskaparárunum hefði ákærði oft setið við tölvu, en bar að það hefði aldrei orðið vart við klámefni.

5. Vitnið E staðhæfði að það hefði alla tíð verið í mjög nánnum samskiptum við [...]sína, brotþola. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt brotþola hafa orð á ætluðum kynferðisbrotum föður þeirra, ákærða, gagnvart henni. Þá kvaðst vitnið ekki minnst þess

að hafa séð þau tvö saman í herbergi, og bar að það hefði raunar ekki séð annað í gegnum tíðina en að eðlilegt feðginasamband hefði verið með þeim, og þá m.a. eftir skilnað foreldra þeirra á árinu 2015 þegar þau hefðu komið tvö til sumardvalar á heimili ákærða. Vitnið sagði að þau þrjú, þ.e. vitnið, ákærði og brotþoli, hefðu verið mikið saman þessi sumur, en sagði að samhliða hefði brotþoli verið mikið með eigin vinkonum.

Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því eftirtekt að sérstök breyting hefði orðið á brotþola á hennar yngri árum nema þá helst í skólanum, og sagði að þá hefði hún stundum fengið reiðiköst, en jafnframt verið viðutan. Vitnið sagði að þetta ástand brotþola hefði reyndar haldist eftir að þau systkinin fluttustu búferlum með móður þeirra eftir skilnaðinn 2015.

Vitnið staðfesti að öll fjölskyldan hefði stundum dvalið saman í sumarhúsinu að [...], en minntist þess ekki að hafa farið slíkar ferðir einungis með ákærða og brotþola.

Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli að faðir hans, ákærði, hefði verið mikið í eigin tölvu á fyrrnefndu heimili, en kvaðst aldrei hafa orðið vart við óeðlilegt efni. Vitnið tók það fram að brotþoli hefði ekki lagt það í vana sinn að segja ósatt.

6. Vitnið C greindi frá því fyrir dómi að það hefði verið í nánú sambandi við systur sína, brotþola, og bar að hún hefði í grófum dráttum sagt frá því að ákærði hefði brotið gegn henni kynferðislega á fyrrverandi fjölskylduheimili þeirra, en einnig þegar þau hefðu verið „að ferðast ... hún hefur sagt mér eitthvað, en ekki í neinum detail, og ekkert mikið ... sagði ekkert frekar hvað það var.“

Nánar aðspurt kvaðst vitnið ætla að samband ákærða og brotþola hefði verið „smá nán“ og þá líkt og samband hennar hefði verið við ákærða, þ.e.: „...við vorum alveg smá nán, ... en ekkert rosalega ... en einhvern veginn það var eitthvað svona skrytið á milli okkar. Fyrir mér þá hélt hann sig alltaf svona smá frá okkur. Annars fannst mér bara vera venjulegt samband. Pabbi var alltaf að vinna og þegar hann var heima þá var það ég sem var meira að passa krakkana.“

Ítrekað aðspurt kvaðst vitnið ekki sérstaklega minnst þess að brotþoli hefði á nefndum árum verið ein með ákærða og sagði þar um: „Nei ekkert meira en ég og aðrir.“ Vitnið kvaðst heldur ekki minnst atvika þar sem því hefði fundist hegðun ákærða óeðlileg í samskiptum við brotþola: „... nei ekki neitt sem að ég man eftir.“ Í því viðfangi nefndi vitnið að það hefði aldrei staðið brotþola að ósannindum.

Vitnið skýrði frá því að það hafi veitt því eftirtekt að hegðun brotþola hefði tekið breytingum með hækkandi aldri hennar og þá einkum þannig að hún hefði verið óöruggari í samskiptum við aðra í fjölskyldunni. Þá kvaðst vitnið minnst þess að við 10 ára aldur brotþola hefði móðir þeirra farið með hana í sálfræðitíma og sagði: „Mamma vildi ekki segja mér af hverju, en þá tók ég eftir því að hún, (brotþoli), var ekki góð.“

Vitnið skýrði frá því að eftir að foreldrar hennar skildu og móðirin fluttist búferlum með yngri systkinin árið 2015 hefði það haldið áfram búsetu hjá ákærða um hríð. Eftir að hafa lokið eigin framhaldsskólanámi á árinu 2016 hefði það hins vegar búið í nokkra mánuði á hinu nýja heimili móður.

Vitnið sagði að [...]þess, D, hefði flutt úr föðurgarði á árinu 2019, en sagði að fram til þess tíma hefði hann líkt og hún verið með eigið herbergi á efri hæð húseignarinnar að [...]. Vitnið sagði að D hefði einnig um tíma verið með herbergi á neðri hæðinni, í u.þ.b. eitt ár, og bar að þá hefði hann hafst við í svokölluðu „aukaherbergi“ sem hefði verið aðskilið lítilli íbúð á hæðinni. Vitnið sagði að áður en móðirin fluttist búferlum hefði það ásamt nefndum [...] einnig búið í litlu íbúðinni á neðri hæðinni, í u.þ.b. tvö ár, en þau hefðu þá bæði verið í framhaldsskóla. Vitnið sagði að aukaherbergið á neðri hæðinni hefði þá verið notað sem gestaherbergi, en hefði ekki mikið verið notað, nema þegar samskipti foreldra hennar voru á þá leið að ákærði hefði notað það, en þá einnig eftir að hjúskap þeirra var í raun lokið. Vitnið kvaðst á ný hafa flutt aðsetur sitt á efri hæðina eftir skilnað foreldranna, enda hefði þá litla íbúðin á neðri hæðinni verið leigð út.

Fyrir dómi lýsti vitnið fyrrnefndu atviki að því er varðaði samskipti við ákærða vegna sánabaðsferðar við 13 ára aldurinn með líkum hætti og það hafði gert í áðurrakinni skýrslu þess hjá lögreglu. Vitnið kvað sér hafa fundist þessi aðstaða óþægileg, en tók fram að á yngri árum sínum hefði það verið nakið með ákærða við sambærilegar aðstæður. Vitnið lýsti einnig atvikinu þegar það hefði vaknað upp í eigin rúmi eftir næturskemmtun með sambærilegum hætti og það hafði gert hjá lögreglu, en tók fram að það hefði verið í nærbuxum og brjóstahaldara þegar það vaknaði umræddan morgun. Vitnið kvaðst raunar ekkert hafa hugleitt þessa atburði frekar fyrir en það heyrði af frásögn brotþola haustið 2020.

7. Vitnið D greindi frá því að samband þess við yngri systur sína, brotþola, hefði undanfarin ár verið mjög náið og staðhæfði að þau ræddu gjarnan mikið saman. Vitnið

kvaðst strax haustið 2020 hafa heyrt frásögn móður þeirra um hin ætluðu brot ákærða gagnvart brotþola, og bar að hún hefði orðað það þannig að ákærði hefði „gert henni illt“ án þess að útskýra það frekar. Vitnið kvaðst strax hafa brugðist við og lagt land undir fót og farið á heimili þeirra mæðgna. Vitnið kvaðst við þetta tækifæri hafa hitt brotþola og séð að henni leið mjög illa, en hins vegar ekki heyrt frekari orð um hin ætluðu brot ákærða.

Vitnið skýrði frá því að eftir skilnað foreldra hans í júlí 2015 hefði hann verið með aðsetur á neðri hæð húseignarinnar að [...], í svokölluðu gestaherbergi, en bar að ákærði hefði áður verið búinn að nota það í a.m.k. eitt ár. Á því tímabili kvaðst vitnið hafa verið í lítilli íbúð á neðri hæðinni ásamt [...] sinni, vitninu C. Vegna vatnsskemmda á neðri hæðinni kvaðst vitnið á ný hafa flust í herbergi á efri hæðinni, og hafi dvalið þar uns það fluttist að heiman í byrjun árs 2019.

Vitnið kvaðst nánar aðspurt ekki hafa vitað betur en að samskipti ákærða og brotþola hefðu öll verið í „lagi.“ Vitnið kvaðst þó hafa heyrt af því sumarið 2019 að ákærði hefði ekki verið sérlega liðlegur við brotþola, en hann hefði þannig ekki ekið henni til vinnu, en af þeim sökum hefði hún þurft að hjóla.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð sérstaka breytingu á brotþola á umræddum árum. Vitnið vísaði til undanþáguákvæða sakamálalaga nr. 88/2008 og skoraðist undan því að svara spurningum um ætlaða kynferðislega misnotkun þess gegn brotþola.

8. Vitnið F, móðursystir brotþola og mágkona ákærða, lýsti atvikum máls með líkum hætti og það hafði áður gert hjá lögreglu, sbr. kafla II, liður 6 hér að framan. Vitnið áréttaði að fjölskyldur þeirra systra hefðu verið mjög nánar, ekki síst fram til ársins 2014. Vitnið tók fram að það hefði fyrst heyrt af ætluðum kynferðisbrotum eldri sonar systur sinnar í byrjun árs 2018, en þá aðeins með óljósum hætti. Vitnið kvaðst hins vegar hafa heyrt af ætluðum brotum ákærða sama kvöldið og brotþoli lýsti þeim fyrir móður sinni. Vitnið kvaðst þá strax hafa brugðist við og farið á heimili þeirra mæðgna, þeim til stuðnings, og þá veitt því eftirtekt að brotþoli var í tilfinningalegu uppnámi, líkt og móðir hennar, en ekki heyrt eiginlega frásögn um hin ætluðu brot ákærða, og ekki heldur síðar. Vitnið skýrði frá því að það hefði séð breytingu á brotþola við sex til átta ára aldur hennar, en það orðaði það þannig: „... brosið hennar slokknaði og maður hætti að ná samband við hana.“

Nánar aðspurt kvaðst vitnið aldrei hafa orðið vart við óeðlileg samskipti ákærða og brotþola, en eftir að mál þetta kom upp hefði það farið að rifja upp eldri atvik tengd eigin dóttur og þá frá árunum 2004 og 2007. Var frásögn vitnisins að því leyti sambærileg og það hafði áður greint frá hjá lögreglu.

9. Vitnið O, barnalæknir og barna- og unglíngageðlæknir, staðfesti efni læknisvottorðs frá árinu 2020, sbr. kafla III, lið 8 hér að framan, og bar að frá október 2015 til júní 2019 hefði það verið með brotþola í viðtalsmeðferðum í samtals átta skipti. Vitni sagði að vanlíðan og kvíði brotþola hefði í rauninni verið rauði þráðurinn í allri meðferðinni, og vísaði til þess að strax í upphafi hafi því verið lýst að henni hefði verið hætt við að fá svokallaðar stöður og að detta út, og sagði að þetta hefði getað tengst áfallastreitu. Vitnið kvaðst hafa fengið þær upplýsingar að líðan brotþola hefði batnað talsvert eftir að hún fluttist búferlum til [...], haustið 2015, en staðhæfði að þrátt fyrir það hefði þá enn verið til staðar mikill kvíði hjá henni.

Nánar aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa fengið upplýsingar í upphafi afskipta þess af brotþola þess efnis að grunsemdir hafi verið um að hún hefði mátt þola kynferðislegt ofbeldi af hálfu eldri bróður síns. Vitnið sagði að slíkar upplýsingar hefðu getað skipt máli í þeirri meðferð sem það beindi að brotþola. Nánar aðspurt sagði vitnið að það gæti hafa brostið minni um þetta atriði, en það kvaðst hafa gætt að þessu nýverið og staðhæfði að það hefði ekki séð neitt í eigin gögnum um þetta atriði og þá ekki heldur um meðferð brotþola í Barnahúsi. Vitnið sagði að engar upplýsingar hefðu heldur komið fram hjá brotþola í meðferðinni um að hún hefði mátt þola ofbeldi af hálfu eldri bróður síns og þá ekki heldur um ætlað ofbeldi af hálfu föður, ákærða. Vitnið kvaðst fyrst hafa heyrt um það síðastnefnda frá móður brotþola. Vitnið sagði að í ljósi þessara síðastgreindu upplýsingar hefði það séð að áðurlýst ástand brotþola hefði fallið inn í ramma áfallastreituröskunar og sagði: „... og margt sem skýrist, af hverju lyf við athyglisbresti ... og lyf við tilfinningavanda, þetta virkaði ekki, ... og af hverju að henni leið bara verr, af hverju tilfinningavandinn var svona erfiður, að meðhöndla hann. Hún var bara náttúrulega ekki að fá meðferðina sem þurfti vegna þess sem gerst hafði.“ Vitnið lét það álit í ljós að hafi brotþoli orðað sjálfsvíg við meðferðaraðila hefði það verið merki um óvenjulega mikla vanlíðan, en ekki endilega að hún hefði raunverulega verið með slíkar fyrirætlanir.

10. Vitnið Ó, sálfræðingur í Barnahúsi, staðfesti fyrir dómi efni áðurrakinnar sálfræðiskýrslu um brotþola frá 30. október 2015, sbr. kafla III, lið 6 hér að framan, og svarði spurningum þar um. Vitnið áréttaði að í upphafi meðferðar Barnahúss, seinni hluta árs 2014, hafi brotþola, þá rétt 10 ára, liðið mjög illa. Hafi hún verið greind með einkenni áfallastreitu og kvíða samkvæmt ólíkum sjálfsmatslistum. Vitnið sagði að niðurstaðan hefði nánar verið eftirfarandi: „Í kvíða mælist hún yfir kvíðaröskun. Þá mælist hún með streitueinkenni, frammistöðuótta, aðskilnaðarkvíða í heildarskori þessara þátta. Þá mælist hún einnig yfir klíniskum mörkum í þunglyndi og reiði.“ Vitnið staðfesti að í ljósi þessara einkenna hafi verið ákveðið, en einnig vegna þunglyndis, að miða meðferð brotþola við áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð.

Nánar aðspurt sagði vitnið að í meðferðarviðtölum hefði brotþoli lýst því takmarkað í hverju kynferðisbrot eldri bróður hennar hefðu falist, en þó nefnt snertingar í 5-6 skipti og haft á orði að síðast hafi þetta gerst þegar hún hefði verið sjö ára. Vitnið sagði að þetta síðastnefnda hefði komið fram undir lok sálfræðimeðferðarinnar, þ.e. að umrædd brot hefðu átt sér stað mun síðar en álitnið hefði verið í fyrstu, þ.e. á árunum 2011 og 2012.

Vitnið sagði að faðir brotþola hefði einu sinni mætt með brotþola í meðferðarviðtal og þá í húsnaði félagsþjónustunnar í heimabyggð, þann 9. nóvember 2014. Vitnið sagði að í annað sinn hefði faðir hennar mætt með brotþola, en þá orðið frá að hverfa þar sem gleymst hafði að hafa meðferðis bangsa. Vitnið tók fram í þessu samhengi að miðað við aldur hefði brotþoli verið mjög barnaleg. Vitnið skýrði frá því að það hefði oftast verið eitt með brotþola í þeim 12 meðferðarviðtölum, sem það átti við hana, en stundum hefði foreldri verið viðstatt, en þá einkum í upphafi.

Vitnið áréttaði að vanlíðan brotþola hafi verið mikil í upphafi meðferðar. Vitnið kvaðst þannig hafa heyrt brotþola segja frá því að hún væri með hugsanir á hverjum degi þess efnis að hún vildi deyja, og að hún vildi stinga sig í hjartað með hnífi. Vitnið sagði að til viðbótar þessum raunum brotþola hefði það komið til á þessu tímasteiði, að foreldrar hennar hefðu verið að skilja. Vitnið sagði að þegar liðið hafi á meðferðina hefði líðan brotþola farið batnandi, auk þess sem hún hefði þá náð sáttum við eldri bróður sinn.

Vitnið sagði að í sálfræðimeðferðinni hefðu aldrei komið fram grunsemdir um að annar en hinn eldri bróðir hefði brotið gegn brotþola. Vitnið vísaði til þess að strax í upphafi meðferðar, í könnunarviðtali, hefði brotþoli beinlínis verið spurð um þetta

atriði. Aðspurt sagði vitnið fyrir dómi, og þá í ljósi þess að grunsemdir hefðu síðar komið fram um að faðir brotþola, sbr. sakarefni þessa máls, hefði einnig brotið gegn henni, hvort að verið gæti að hún hefði með einhverjum hætti yfirfært háttsemina. Vitnið svaraði því til að dæmi væru til um slíkt, en benti hins vegar á að börn segðu einnig ekki endilega frá öllum áföllum sínum. Vitnið lét það álit í ljós, og þá vegna hinnar miklu vanlíðanar brotþola seinni hluta ársins 2014, að eftir atvikum hefði átt að kanna þetta atriði nánar, þ.e. hvort brotin gegn henni hefðu verið grófari en talið hafi verið, en einnig hvort fleiri gerendur en nefndur eldri bróðir hefðu átt hlut að máli.

11. Vitnið L lækni staðfesti efni fyrrgreindrar tilkynningar til barnaverndar þann 29. ágúst 2014, sbr. kafla III, lið 2 hér að framan. Vitnið sagði að fyrrnefndur roði og væg eymsli á kynfærasvæði brotþola og orð hennar um ætluð brot eldri bróður hennar hafi verið meginástæða viðbragða þess, enda hefði þetta verið óvenjulegt. Þá kvaðst vitnið hafa haft grunsemdir um að brotin gegn stúlkunni væru enn í gangi þrátt fyrir orð um að þeim hefði lokið þremur árum fyrr. Vitnið sagði að vöntun á meyarhafti stúlkunnar hefði ekki beinlínis skipt máli í þessu tilviki, enda þekkt að það rofni með ýmsum hætti, t.d. við íþróttaiðkun.

12. Vitnið M, fyrrverandi deildarstjóri barnaverndar á [...], lýsti afskiptum nefndarinnar haustið 2019 og þar á meðal viðtali þess við brotþola og móður hennar, vitnið B, haustið 2019. Vitnið sagði að í það sinnið hefði verið talið að vanlíðan brotþola hefði verið endurupplifun á ætluðum brotum eldri bróður hennar nokkrum árum fyrr, sbr. það sem rakið er í III. kafla, lið 9 og 10.

13. Vitnið N, félagsráðgjafi hjá barnavernd á [...], staðfesti að móðir brotþola, vitnið B, hefði seinni hluta septembermánaðar 2020 tilkynnt í símaviðtali um ætluð brot ákærða, og jafnframt að hún hefði komið daginn eftir, ásamt systur sinni, vitninu F, á skrifstofu barnaverndar og tilkynnt formlega um hina ætluðu háttsemi. Vitnið lýsti viðbrögðum barnaverndar á sama veg og áður hefur verið rakið í kafla II og III hér að framan.

14. Vitnið P sálfræðingur staðfesti fyrir dómi efni áðurrakinna sálfræðiskýrslna frá 18. ágúst 2021 og 2. maí 2022, sbr. kafla III, liði 12 og 14 hér að framan, og svaraði

jafnframt spurningum þar um, en einnig um hin 25 meðferðarviðtöl brotþola í Barnahúsi, sem fram fóru á tímabilinu frá 1. október 2020 til 29. október 2021.

Vitnið staðfesti að brotþoli hefði verið með alvarleg einkenni áfallastreituröskunar vegna ætlaðra kynferðisbrota föður, ákærða. Vitnið staðfesti jafnframt að vegna svokallaðrar forðunar, sem væri eitt einkenna áfallastreituröskunar, hefði brotþoli átt mjög erfitt með að ræða um ætluð brot ákærða. Var það ætlan vitnisins að brotþoli hefði reynt að forðast allt það sem minnti á hið ætlaða ofbeldi og þannig reynt að bæla niður minningarnar. Vitnið sagði að það hefði einnig verið sennileg skýring þess að brotþoli hefði ekki treyst sér til að rita áfalla- og lífsreynslusögu sína, og vísaði vitnið þar um til hugrænnar stíflu og sagði að sjálfsvígstilraun þessu tengd hefði í raun verið merki um hina miklu forðun og vanlíðan. Vitnið greindi frá því að í meðferðinni hefði verið farið yfir önnur áföll og lífsreynslu brotþola, þ. á m. skilnað foreldra, búsetuskipti og mögulegt einelti. Var það ætlun vitnisins að sú lífsreynsla hefði ekki haft áhrif á líðan hennar.

Vitnið sagði að það hefði komið fram hjá brotþola að hún hefði verið mjög reið ákærða sökum þess að hann hefði tekið fjármuni af bankareikningi hennar í óleyfi. Vitnið sagði að brotþoli hefði efnislega sagt um þetta síðastnefnda atriði: „Ég ætlaði aldrei að segja frá þessu. Hún náttúrulega óttaðist að mögulega yrði sér ekki trúað, og svo náttúrulega hafði hún líka hugsað hvaða áhrif mun þetta hafa á mína fjölskyldu ef ég segi frá.“

Vitnið sagði almennt að lýsingar brotþola í kynferðisbrotamálum, um að þeir hefðu sjálfir leitað til geranda í kynferðislegum tilgangi, væru ekki algengar, en þekktust þó erlendis frá.

Vitnið sagði að í tilfalli brotþola hefði ofangreint atriði m.a. birst í ríkri sektarkennd. Vitnið lét það álit í ljós að brotþoli hefði í raun verið mjög trúverðug um þennan þátt málsins. Hún hafi þannig ekki verið með ýkjur og af þeim sökum hefði vitnið metið það svo að hún hefði ekki verið að skálda frásögnina.

Vitnið lét einnig það álit í ljós að ólíklegt væri að líðan brotþola á árunum 2020 til 2021 yrði rakin til ætlaðra brota eldri bróður hennar nokkrum árum fyrr, enda hefði hún náð að vinna úr því áfalli í hinni fyrri meðferð Barnahúss og náð góðum árangri. Að auki hefði brotþoli lýst góðum samskiptum við eldri bróður í meðferðinni, en það kvaðst ekki hafa heyrt lýsingar brotþola á ætluðum brotum hans.

Vitnið vísaði til þess að í þeim matsprófum sem brotapolí hafði gengist undir hefðu henni verið gefin skýr fyrirmæli um að blanda ætluðum brotum ákærða við hin eldri brot ekki saman. Vitnið sagði að hin ætluðu brot ákærða hefðu í meðferðinni ekki verið sundurliðuð eða flokkuð eftir aldri brotþola.

Vitnið lét það álit í ljós að nákvæmari frásögn brotþola af ætluðum brotum ákærða, og þá t.d. miðað við skýrslu hennar hjá lögreglu, gæti skýrst af því að með bættri andlegri líðan hefðu minningar hennar orðið skýrari, og þannig hefði verið um minni bælingu og forðun að ræða en áður.

Vitnið áréttaði að ástand brotþola hefði verið bág, og sagði að hún hefði í raun mjög takmarkað lýst ætluðum brotum ákærða í meðferðarviðtölunum, en sagði m.a. þar um: „... í raun og veru fékk ég ekki svo miklar lýsingar frá henni, en það koma alltaf svona inn á milli. ... ég man að við vorum að tala um hvernig þetta byrjaði þá var hún einmitt að tala um að hún hefði verið svona um 6 ára ... ég man að hún talaði um atvik í sturtu, hún sagði mér að faðir sinn hefði gengið inn á hana í sturtu, ... hún lýsti því ekki nánar en það ... sem gerði það að verkum að hún átti mjög erfitt með að vera í sturtu nema að vera bara á varðbergi, fannst allavega þannig á sér brotið á þann hátt að það væri verið að trufla hana eða að það hefði kannski verið að brjóta hennar friðhelgi með því að fá ekki að vera í sturtu í friði.“ Vitnið sagði að brotapolí hefði ekki rætt um aldur sinn, sem hefði haft tengingu við þessa síðastgreindu háttsemi, en áréttaði að hún hefði einnig rætt um að hún hefði leitað til föður síns í fyrrgreindum tilgangi. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa innt brotþola eftir því hvort ákærði hefði viðhaft innþrengingu, en sagði að hún hefði neitað slíku en tekið fram að flest annað hefði farið fram og þar á meðal munnmök.

Vitnið sagði að brotapolí hefði einnig nefnt að hún hefði aldrei skýrt frá ætluðum brotum ákærða og þá ekki vinkonum sínum. Hún hefði þannig fyrst greint móður sinni frá háttseminni.

Vitnið svaraði nánar aðspurt um áhrif þess ef ætluð brot ákærða og eldri bróður hennar hefðu að einhverju leyti gerst á svipuðum tíma, við sex ára aldurinn, og um getu eða erfiðleika brotþola til að rita umrædda áfallasögu. Um þetta sagði vitnið: „Mér finnst það ólíklegt, en kannski eitthvað af þessu, mögulega fellur saman og veldur mögulega einhverjum ruglingi hjá henni, nákvæmlega hvað var að gerast á hvaða tímamarki, ... langt er um liðið ... en mér finnst samt mjög ólíklegt að það myndi eiga sér stað einhver algjör yfirfærsla af því sem bróðir hennar eigi að hafa gert, að hún hafi

algjörlega sett það yfir á föður, þó svo að hún ... geri ekki fullkominn greinarmun alltaf, en þetta er svo sem bara mínar vangaveltur.“

15. Vitnin H, sérfræðilæknir í barna- og unglíngageðlækningum á BUGL, I, sérfræðingur í klínískri sálfræði barna og unglínga, og J, deildarstjóri hjá Vinakoti, staðfestu dvöl, innlagnir og meðferð brotaþola á nefndum stofnunum. Var vætti þeirra í samræmi við áðurrakin sérfræðigögn, sem þau staðfestu, þ. á m. varðandi sjúkdómsgreiningu brotaþola, sbr. kafla III, liði 17 og 18 hér að framan. Þá var það samdóma álit sérfræðinganna að þrátt fyrir að líðan brotaþola hefði farið batnandi undanfarið misseri ætti hún langa meðferð fyrir höndum.

16. Vitnið K lögreglufulltrúi lýsti fyrir dómi lögreglurannsókn máls þessa og staðfesti efni einstakra rannsóknargagna. Vitnið greindi m.a. frá því að í tengslum við lögregluþyrheyrslu ákærða hefðu gögn í síma hans verið skoðuð með samþykki hans, og bar að þar hefði ekki verið að finna gögn um klám eða barnaklám. Vitnið sagði að við lögreglurannsóknina hefði farist fyrir að skoða annan tölvubúnað á heimili ákærða líkt og staðið hefði til, sbr. kafla II, lið 8 hér að framan.

V.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu er ákærða samkvæmt 1. kafla ákæru gefið að sök kynferðisbrot gegn dóttur sinni, brotaþolanum A, á árunum 2010 til 2018, þegar hún var 6 til 14 ára, og þá þannig að hann hafi brotið gegn henni á þáverandi heimili þeirra að [...] í sveitarfélagi, [...], með því að káfa ítrekað á kynfærum hennar innanklæða, sleikja á henni kynfærin og setja fingur í leggöng hennar, að hafa látið hana snerta getnaðarlim sinn, fróa sér og eiga við sig munnmök og jafnframt að hafa látið hana sitja klovvega ofan á sér á gólfinu inni á baðherbergi þegar þau voru bæði nakin og þannig nuddað getnaðarlim sínum við ber kynfæri hennar.

Í 2. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti á árunum 2016 eða 2017, þegar brotaþoli var tólf eða þrettán ára, í sumarhúsi að [...] í [...], farið með fingur í leggöng hennar og nuddað á henni kynfærin innanklæða.

Í ákærunni eru brot ákærða samkvæmt 1. kafla talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áður 1. og 2. mgr. 200.

gr. sömu laga að því er varðar þau skipti sem áttu sér stað fyrir 26. mars 2013. Samkvæmt 2. kafla ákærunnar eru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. hegningarlaganna.

2 Af hálfu ákæruvalds eru sakaratriði ákærunnar einkum reist á frásögn brotþola hjá lögreglu. Um sönnun byggir ákærvaldið á nefndri frásögn brotþola, en einnig og ekki síst ítarlegri frásögn hennar fyrir dómi og þ. á m. að ákærði hefði nýtt sér það margoft, þegar móðir brotþola var utan heimilis vegna vinnu og þegar systkini hennar sáu ekki til, að viðhafa nefnd kynferðisbrot. Nánar er byggt á því að á árunum 2009 til 2015, þegar brotþoli var 5 til 10 ára, hafi ákærði brotið á dóttur sinni með þeim hætti sem tiltekið er í 1. kafla ákærunnar. Þá hafi ákærði frá liðlega 10 ára aldri brotþola og allt þar til hún var á fjórtánda aldursári, á árunum 2015 til 2018, brotið gegn henni með því að setja fingur í leggöng hennar og nudda á henni kynfærin innanklæða á heimili þeirra að [...], en einnig í umræddu sumarhúsi, sbr. 1. og 2. kafla ákæru. Er á því byggt að við hinar síðastnefndu aðstæður hafi ákærði með brotum sínum framkallað fullnægingartilfinningu hjá brotþola.

Að því er sönnun varðar vísar ákærvaldið, auk frásagnar brotþola, einnig til þeirra sérfræðigagna, sem aflað var af hálfu lögreglu við rannsókn málsins, en einnig er vísað til sambærilegra gagna, sem aflað var undir rekstri málsins fyrir dómi. Þá er vísað til vættis vitna. Á því er byggt að brot ákærða hafi farið fram á þáverandi heimili brotþola og fjölskyldu hennar, og þá í rúmi í svefnherbergi hennar, í hjónarúmi, í stofustofa og í rúmi í svonefndu gestaherbergi á neðri hæð húseignarinnar. Þá hafi brot ákærða á yngri árum brotþola einnig gerst í baðherbergjum á efri og neðri hæðum eignarinnar. Loks hafi ákærði brotið á brotþola í svefnaðstöðu í sumarhúsinu að [...], skammt frá þéttbýlinu á [...].

3. Fyrir dómi hefur ákærði alfarið neitað öllum þeim sakaratriðum, sem á hann eru borin. Af hálfu skipaðs verjanda ákærða var í greinargerð, en einnig við flutning, um sýknukröfu einkum vísað til sönnunarskorts, sem ákærvaldið verði að bera hallann af, samkvæmt grunnreglum opinbers réttarfars, sbr. ákvæði XVI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Á það er m.a. bent að ákærði hafi staðfastlega neitað sök og að hann hafi verið sjálfum sér samkvæmur í framburði sínum. Vísað er til þess að eðli málsins samkvæmt vefengi ákærði það ekki að hann hafi getað verið einsamall með dóttur sinni, brotþola, í nefndum húsakynnum, enda hafi þar verið heimili þeirra.

Af hálfu ákærða er staðhæft að frásögn brotþola hafi tekið breytingum fyrir dómi miðað við frásögn hennar hjá lögreglu. Þá hafi hún við yfirheyrslu hjá lögreglu að nokkru

svarað leiðandi spurningum rannsakara um hina ætluðu háttsemi. Ákærði byggir á því að frásögn brotþola hafi í ljósi atvika enga eða takmarkaða stoð í framburði annarra vitna eða af gögnum. Þá liggi fyrir að brotþoli hafi þegar á árinu 2014 lýst brotum, sem hún hafi mátt þola af hendi annars nákomins ættingja, og hafi þá jafnframt lýst mikilli vanlíðan samkvæmt gögnum sérfræðinga.

Af hálfu ákærða er vísað til þess að verknaðarlýsingin í ákæru sé harla óljós, að því er varðar m.a. tíma. Einnig bendir hann á að eigi megi samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 dæma hann fyrir aðra hegðun en í ákæru greinir né dæma aðrar kröfur á hendur honum, sbr. að því leyti þá endurgreiðslukröfu sem réttargæslumaður brotþola hafi haldið fram við aðalmeðferð málsins.

4. Í c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 segir að í ákæru skuli greina svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu til laga.

Í dómaframkvæmd í málum sem varðað hafa ætluð kynferðisbrot og þá ekki síst gegn börnum hefur verið viðurkennt að þegar hin refsiverða háttsemi er talin hafa staðið yfir lengi geti reynst örðugt og jafnvel nær útilokað fyrir brotþola að greina á milli einstakra samkynja brota og staðsetja eða tímasetja þau nákvæmlega.

Í ljósi ofangreinds og þar sem ákæra ákæruvaldsins í máli þessu er sögð endurspeglar þá háttsemi sem rannsókn lögreglu hafi verið talin leiða í ljós, og er hún þar tíunduð, en einnig verknaðarstaðir og tímabil, verður ekki talið að ofangreind atriði hafi leitt til þess að vörn ákærða hafi verið áfátt enda hvílir sönnunarbyrðin um sekt hans og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu, sbr. ákvæði 108. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Er dómi þannig skylt að meta hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði, sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg gögn. Þá er í 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 mælt fyrir um að dómur meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir megi leiða af um það. Í þessu viðfangi ber einnig að líta til annarra atriða og þá m.a. að því er varðar sönnunargildi vitnisburðar, en þar ber að lögum, sbr. ákvæði 126. gr. nefndra laga, að huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola. Loks ber í dómi að meta við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans, sbr. ákvæði 1. mgr. 115. gr. nefndra laga.

4. Ákærði, brotapolinn A, vitnið B, fyrrverandi eiginkona ákærða, vitnið E, [...] brotþola, og loks eldri systkin brotþola, vitnin D og C, hafa við meðferð málsins greint frá áralangri sameiginlegri búsetu í húseigninni að [...], nánar tiltekið á árunum 2005 til 2015, og þá á því tímabili sem sakaratriði ákærunnar tekur að hluta til og er þetta ágreiningslaust. Upplýst er að eiginlegum samvistum ákærða og vitnisins B lauk seinni hluta ársins 2014, og að ákærði hafi í allnokkra mánuði þar á eftir búið á neðri hæð eignarinnar, í svokölluðu gestaherbergi, eða þar til B fluttist í annan landsfjórðung, ásamt yngri börnum þeirra, [...] brotþola og E, um mánaðamótin júlí/ágúst 2015. Verður ráðið að nefnd börn hafi eftir þetta helst verið í umgengni á heimili ákærða á stórhátíðum, en einnig öll sumur á árunum 2016 til 2020. Eldri systkinin, D og C, héldu hins vegar áfram búsetu sinni hjá ákærða næstu misserin og árin eftir skilnað foreldra sinna, en hið síðarnefnda mun þó hafa flutt af heimilinu árið 2016, en D árið 2019, en skömmu áður hafði ákærði flutt í húseign sem hann hafði þá keypt. Af frásögn ákærða og eldri barna hans verður ráðið að nokkur hreyfing hafi verið á aðsetri þeirra í húseigninni að [...] á nefndum árum, og þá bæði hvað varðaði búsetu þeirra í herbergjum á neðri og efri hæð eignarinnar, en einnig um tíma í lítilli íbúð á neðri hæðinni, og verður það lagt til grundvallar, enda í allgóðu samræmi við frásögn brotþola.

5. Samkvæmt staðfestum sjúkraskrá og vottorði svaraði brotþoli spurningum heilsugæslulæknis við skoðun hinn 8. ágúst 2014 um tilkomu m.a. sýnlegs roðasvæðis, vægra eymsla, en einnig útferðar á kynfærasvæðinu. Er haft eftir brotþola að þar hefði átt í hlut eldri bróðir hennar, D, þremur árum fyrr, og jafnframt að hann hefði snert hana reglulega, en þó hefði aðeins verið um stutt tímaseið að ræða. Fram kemur í þessum gögnum að móður brotþola, vitninu B, hafi verið kunnugt um hið ætlaða athæfi piltisins og hafi hún af þeim sökum leitað aðstoðar hjá barnaverndaryfirvöldum utan héraðs, en án árangurs. Í þessum heilsufarsgögnum segir einnig frá því að við skoðun læknisins þremur dögum síðar hafi komið í ljós vöntun á meyjarafti hjá brotþola og að hún hefði tveimur árum fyrr, árið 2012, fengið þvagfærasýkingu.

Þegar nefndar læknisskoðanir fóru fram var brotþoli rétt 10 ára. Hún hefur skýrt frá því fyrir dómi að þegar þetta gerðist hafi hún ekki verið fyllilega áttuð vegna misvísandi skilaboða frá móður og þá vegna orða hennar um eigin ókunnugleika um hið ætlaða athæfi bróður hennar.

Fyrir liggur að fyrrnefndur læknir tilkynnti ofangreind atvik til barnaverndaryfirvalda í heimabyggð brotþola og að í kjölfarið var brugðist við, m.a. með ítrekuðum barnaverndaráætlunum samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaganna nr. 80/2022, sem móðir brotþola ritaði ein undir, ásamt barnaverndarstarfsmanni. Þessu til

viðbótar var leitað eftir aðstoð hjá sálfræðingum Barnhúss og fór brotaþoli m.a. í tólf einstaklingsviðtöl og þá m.a. í heimabyggð, en þeirri meðferð lauk skömmu eftir að hún fluttist með móður sinni og [...]til [...] haustið 2015.

Í skýrslu um upphaf meðferðar brotaþola í Barnahúsi er haft eftir henni að eldri bróðir hennar hafi snert kynfæri hennar einu sinni, en í skýrslunni segir að hún hafi er þetta gerðist verið mjög hrædd við hann. Samkvæmt vætti og skýrslu Ó sálfræðings greindi brotaþoli í upphafi einstaklingsviðtalanna einnig frá eigin reiði í garð nefnds bróður síns, að hann hefði brotið gegn henni í fimm eða sex skipti, og loks að athæfi hans hefði staðið yfir í lengri tíma en áður hafði komið fram, og þá allt til ársins 2011 eða 2012. Í vætti sálfræðingsins fyrir dómi kom m.a. fram að brotaþoli hefði sérstaklega aðspurð í könnunarviðtali svarað því til að aðrir en bróðir hennar hefðu ekki brotið gegn henni.

Í sálfræðiskýrslu Barnahúss segir frá því að brotaþoli hafi m.a. verið greind með mjög alvarlega vanlíðan, kvíða og þunglyndi og hafi að auki verið með einkenni áfallastreituröskunar, sem þó hefði ekki uppfyllt greiningarskilmerki samkvæmt svonefndu DSM-IV. Fyrir dómi lýsti fyrrnefndur sálfræðingur þeim hugrenningum sínum, að vegna hins bágborna andlega ástands brotaþola hefði eftir atvikum verið rétt að kanna orsakirnar frekar á sínum tíma, og þá m.a. hvort hin ætluðu brot hefðu verið grófari en brotaþoli hafði skýrt frá ellegar hvort aðrir en bróðir hennar hefðu komið þar við sögu. Í þessu sambandi vísaði vitnið til þess sem síðar hafði komið fram og þá varðandi hin ætluðu kynferðisbrot föður stúlkunnar, ákærða.

Samkvæmt umræddri sálfræðiskýrslu, sem að áliti dómsins er í nokkru samræmi við skýrslu og vætti O, barnalæknis og barna- og unglingsgeðlæknis, fór andlegt ástand brotaþola batnandi á árinu 2015 og lauk meðferð hennar í Barnahúsi þá um haustið. Á hinn bóginn liggur einnig fyrir að á árinu 2019 var áformað að taka upp þráðinn að nýju vegna vaxandi andlegrar vanlíðunar brotaþola. Verður ráðið að þetta hafi gerst í kjölfar viðræðna brotaþola við skólahjúkrunarfræðing, en um tilefnið var það nefnt að þar væri sem fyrir um að ræða atriði sem vörðuðu hin eldri brot bróður hennar.

Fyrir dómi hefur brotaþoli skýrt frá því að hin ætluðu brot bróður hennar hafi gerst u.þ.b. þremur til tólf mánuðum fyrir fyrrnefnda læknisskoðun árið 2014 og jafnframt að þau hafi gerst í herbergjum hans á neðri og efri hæð húseignarinnar að [...]. Þá hefur brotaþoli einnig greint frá því að hún hafi séð klámefni í tölvu bróður síns, en að kynferðisbrot hans hefðu að öðru leyti verið svipuð og brot ákærða. Nánar aðspurð treysti brotaþoli sér ekki til að fullyrða alveg um hvor þeirra, bróðirinn eða ákærði, eða þeir báðir, hefðu reynt að setja liminn í endaparm hennar. Ber í þessu samhengi að líta til þess að við yfirheyrslu hjá lögreglu hafði brotaþoli neitað því aðspurð að ákærði hefði reynt að brjóta gegn henni með hinum síðastgreinda hætti.

Í máli þessu hafa engin gögn verið lögð fyrir dóminn um hin ætluðu brot bróður brotþola. Við aðalmeðferð málsins fyrir dómi nýtti hann sér lögboðinn undanþágurétt sinn til þess að svara ekki spurningum sækjanda um hin ætluðu brot hans gegn brotþola, sbr. ákvæði 118. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

6. Eins og hér að fram hefur verið rakið hefur brotþoli m.a. borið fyrir dómi að ætluð kynferðisbrot föður hennar, ákærða, hafi gerst á sama tíma og hin ætluðu brot bróður hennar. Hún hefur jafnframt staðhæft að ákærði hafi byrjað að brjóta gegn henni þegar hún var enn yngri að árum, við fimm til sex ára aldurinn, og hefur hún tengt þau fyrstu við upphaf eigin skólagöngu, og sérstaklega nefnt í því sambandi baðherbergi og sturtuferðir á neðri hæð heimilis þeirra, þar sem hann hafi m.a. notað eyrnapippa. Við lögreglurannsókn málsins lýsti brotþoli kynferðisbrotum ákærða á nefndum baðherbergjum, og þá m.a. í samræmi við það sakarefni sem lýst er í niðurlagi 1. kafla ákæru, en einnig um önnur þau atriði sem þar er getið um. Til þess er að líta að brotþoli svaraði, að áliti dómsins, að nokkru leiðandi spurningum rannsakara um síðargreindu brotin. Hún áréttaði hins vegar frásögn sína að því leyti fyrir dómi, fyrir utan að hún bætti því við að hún hefði oft séð ákærða fá sáðfall, en það var í andstöðu við frásögn hennar hjá lögreglu.

Fyrir dómi lýsti brotþoli að áliti dómsins brotum ákærða að nokkru mjög ítarlega, en hún bætti því m.a. við að í eitt skiptið hefði hann brotið á henni í sérstakri sána-baðaðstöðu á heimili þeirra. Einnig vék hún að hinum ætluðu brotum ákærða í herbergjum í húseign fjölskyldunnar og þá ekki síst í fyrrnefndu gestaherbergi á neðri hæðinni. Að mati dómsins var brotþoli varfærinn í orðum sínum þegar hún lýsti ætluðu athæfi ákærða, en þar um vísaði hún m.a. til þess að langt væri um liðið, að hún hefði verið mjög ung að árum þegar atvik máls gerðust og að minni hennar hefði ekki verið sem skyldi, þ. á m. við hina einu skýrslugjöf hennar hjá lögreglu. Hún staðhæfði að minnið hefði farið batnandi hin síðustu misseri vegna bættrar eigin líðanar.

Eins og áður er rakið staðhæfði brotþoli að háttsemi ákærða gegn henni hefði breyst með hækkandi aldri hennar, og þá eftir 10 ára aldurinn. Hefur hún lýst því að þá hefði ákærði fengið hana til að „kúra“ hjá sér og í framhaldi hefði hann nuddað kynfæri hennar, og hún um síðir fengið tilfinningu fyrir fullnægingu og í framhaldi af því í nokkur skipti leitað til hans. Brotþoli staðhæfði að þessi síðastgreindu brot ákærða hefðu gerst í herbergjum hans hverju sinni, en einnig í hennar eigin herbergi, en þá þannig að aðrir heimilismenn hefðu annaðhvort ekki verið heima, þ. á m. móðir hennar, eða þeir ekki séð háttsemina. Hún staðhæfði að í eitt eða tvö skipti hefðu brot ákærða gerst í sófa í stofunni og að í öðru þeirra tilvika hefði [...]hennar, E, verið viðstaddur, en hann ekki séð háttsemina. Fyrir dómi sagði brotþoli að ákærði hefði látið af þessari háttsemi á

árinu 2018, en hún lét þá skoðun í ljós að það hefði verið vegna aldurs hennar, en hún hefði þá verið á fjórtánda aldursári, og hefðu hin síðustu brot hans gerst í eitt eða tvö skipti í hinum nýju húsakynnum hans. Brotaðoli sagði frá því fyrir dómi að ákærði hefði einnig viðhaft þessa háttsemi í fyrrnefndu sumarhúsi, en breytti að því leyti fyrri frásögn sinni hjá lögreglu og var það ætlan hennar að það hefði gerst tvisvar eða þrisvar sinnum og nokkru fyrr en hún hafði áður greint frá, þ.e. á árunum 2012-2015. Brotaðoli staðfesti frásögn ákærða um að hún hefði í eitt skipti dvalið með honum og [...]sínunum, E, í nefndu húsi á árinu 2017.

Fyrir dómi hefur brotaþoli greint frá því að það hafi tekið hana langan tíma að ákveða sig hvort hún ætti að segja frá brotum ákærða, enda hefði hún verið búin að ákveða að gera það ekki. Þar um vísaði brotaþoli helst til þess að ákærði hefði jafnan á yngri árum hennar orðað það svo að lýst athæfi hans væri leyndarmál þeirra í milli, en að auki og þegar árin liðu hefði hún óttast reiðiviðbrögð annarra. Þessu til viðbótar hefði hún ekki viljað særa móður sína, þrátt fyrir mikla eigin vanlíðan og sektarkennd. Af þessum ástæðum hefði hún heldur ekki lagst gegn því að umgangast ákærða eða að þiggja boð hans um sólarlandaferð í lok ársins 2019. Auk alls þessa hefðu einnig aðrir veraldlegir hlutir spilað inn í, þ. á m. hin launaða vinna sem hún hafði fengið í heimabyggð ákærða. Hún hefði hins vegar gripið tækifærið til þess að segja frá brotum ákærða eftir að hún hafði heyrt orðræðu móður sinnar í símtalinu við hann haustið 2020 og þá í tengslum við kærúhótun vegna óleyfilegrar töku hans á fjármunum af bankareikningi hennar.

Að mati dómsins hefur framangreind frásögn brotaþola nokkra stoð í frásögn móður hennar, vitnisins B, en hún greindi frá því að dóttir hennar hefði í fyrsta skipti haft orð á hinu ætlaða athæfi ákærða í tilfinningaþrunginni orðræðu eftir að móðirin hafði viðhaft hótunarorð sín í síma við ákærða. Að áliti dómsins hefur frásögn brotaþola einnig nokkra stoð í frásögn fyrrgreindrar vinkonu brotaþola fyrir dómi um að það hefði nokkrum misserum fyrr heyrt ávæning af sambærilegri frásögn, sem brotaþoli hefði þó dregið til baka.

7. Líkt og áður hefur verið rakið hefur brotaþoli hin síðustu misserin verið til meðferðar hjá sérfræðingum í Barnahúsi, en einnig hjá sérfræðingum á geðdeild Landspítala. Liggja fyrir í málinu allitarlegar skýrslur um andlegt ástand hennar. Skýrslur þessar voru allar staðfestar fyrir dómi, en þar segir m.a. frá því að brotaþoli hafi verið greind með djúpa áfallastreituröskun, sem hafi m.a. birst í mikilli sjálfsskaðahegðun og óstöðugri og sveiflukenndri líðan. Að auki hafi verið til staðar hjá brotaþola mikil þunglyndiseinkenni, deyfð, vonleysi og sjálfsvígshugsanir.

Í vætti P sálfræðings kom m.a. fram að ofanlýst ástand og vanlíðan brotaþola hefði mátt rekja til ætlaðra kynferðisbrota föður hennar, ákærða. Vitnið sagði frá því að vegna hins bágborna ástands brotaþola hefði borið á mikilli forðun hjá henni, sem sennilega hefði verið skýring þess að hún hefði ekki treyst sér til að rita eigin áfallasögu eða að segja frá ætluðum brotum ákærða, og þá fremur en að hún hefði verið að yfirfæra hina ætluðu háttsemi eldri bróður síns á ákærða. Vitnið sagði einnig að mikil reiði hefði verið til staðar hjá brotaþola vegna ætlaðrar töku ákærða á fjármunum út af bankareikningi hennar.

8. Ákærði hefur við alla meðferð málsins alfarið neitað ásökunum A, dóttur sinnar. Hann hefur á hinn bóginn ekki borið við neinum eiginlegum skýringum á hinum alvarlegu ásökunum hennar. Ákærði hefur borið um að hann hafi sem foreldri sinnt brotaþola sem ungu barni, og þá m.a. í tengslum við baðferðir, en hafi hætt því við fjögurra til fimm ára aldur hennar. Þá hefur hann borið um að hin síðari árin hafi hann litið svo á að vel hafi farið á með þeim í flestu. Hún hafi þannig eftir skilnað þeirra hjóna árið 2015 komið með reglubundnum hætti á heimili hans í umgengni, en að auki dvalið hjá honum á sumrin og þegið boð hans um sólarlandaferð í lok árs 2019. Ákærði hefur kannast við að hafa síðustu misserin fyrir kærðu brotaþola tekið í óleyfi nokkra fjárhæð af bankareikningi hennar, en staðhæfði að hann hefði endurgreitt þá fjárhæð að fullu um síðir. Fyrir dómi andmælti ákærði frásögn vitnisins F um að hann hefði viðhaft óeðlilega framkomu að næturlagi í sumarþustað allmörgum árum fyrir.

Ákærði hefur greint frá því að hann hafi verið miður sín þegar hann heyrði fyrst af ásökunum brotaþola við yfirheyrsluna hjá lögreglu. Í vörn hans var m.a. vísað til þess að líta yrði á svör hans að nokkru við yfirheyrsluna í þessu ljósi, en hann hafi við skýrslutökuna á hinn bóginn skýrlega og endurtekið neitað þessum ásökunum.

Ákærði hefur greint frá því að hann hafi sérstaklega gætt að eigin viðveru í sumarhúsinu í [...] eftir nefnda yfirheyrslu hjá lögreglu. Hann staðhæfði að samkvæmt kortafærslum hefði hann dvalið þar í eitt skipti eftir fyrrnefndan skilnað við eiginkonuna, og bar að það hefði verið í júní 2017. Þessari frásögn ákærða hefur ekki verið hnekkt af ákæruvaldinu.

9. Um sakaratriði þessa máls, sbr. 1. og 2. kafla ákæru, eru samkvæmt framansögðu í raun ekki við önnur gögn að styðjast en framburð brotaþola, A, svo og gögn og vætti þeirra sérfræðinga, þ. á m. frá Barnahúsi og Landspítala, sem komu að málum hennar fáeinum misserum eftir að hin ætluðu síðustu atvik gerðust, og þá eftir að hún hafði í raun fyrst vikið að hinum alvarlegu kynferðisbrotum ákærða í samræðum við móður sína í september 2020. Er þetta gerðist var brotaþoli tæplega 16 ára.

Að álit dómsins eru áðurrakin sérfræðigögn og hin eina skýrsla brotþola hjá lögreglu framburði hennar fyrir dómi í aðalatriðum til styrktar. Þá er frásögn brotþola að álit dómsins í aðalatriðum trúverðug, þótt tímasetning og atburðarás gætu hafa skolast til, en það er skiljanlegt með hliðsjón af því að um mörg ætluð tilvik er að ræða, sem ná yfir alllangt tímabil samkvæmt ákæru og að hún var ung að árum þegar hinir ætluðu atburðir gerðust. Að mati dómsins verður við sakarmatið þó ekki horft fram hjá því að spurningar rannsakara voru á köflum harla leiðandi við upphaf lögreglurannsóknar. Þá er til þess að líta að engra læknisfræðilegra gagna var unnt að afla við rannsókn lögreglu fyrir utan þau gögn, sem talin eru hafa haft tengsl við hin ætluðu kynferðisbrot eldri bróður brotþola.

Samkvæmt vætti ættingja brotþola, þ.e. móður hennar, [...] og eldri systkina, urðu þau aldrei vör við að ákærði hefði haft í frammi kynferðislega hegðun gagnvart henni. Þá hafa vitnin í engu lýst grunsemdum sínum í þessa veru, en brotþoli hefur greint frá því að vitnin hafi öll verið nánin henni. Loks hefur fyrrverandi eiginkona ákærða, vitnið B, borið um að hún hafi ekki orðið þess vör að kynhneigð ákærða hneigðist til barna eða ungmenna, en rannsóknargögn lögreglu segja heldur ekkert til um slíkt eða um hvatir hans að því leytinu til.

Í ljósi alls ofangreinds og með hliðsjón af þeim atriðum sem vísað er til í 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, svo og þegar nefnd gögn eru virt heildstætt, þykir gegn eindreginni neitun ákærða ákæruvaldinu ekki hafa tekist að færa fram lögfulla sönnun um sök hans samkvæmt nefndum ákæruköflum, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, sbr. 108. gr. og 109. gr. nefndra laga. Er því skylt að sýkna ákærða af sakarefni þessa máls.

Í ljósi málsúrslita og með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 er einkaréttarkröfu brotþola samkvæmt ákæru vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, en einnig ferðakostnaður hans svo og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola við alla meðferð málsins, þ.e. við rannsóknina hjá lögreglu og fyrir dómi, greiðist úr ríkissjóði, sbr. ákvæði 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008. Við ákvörðun launanna verður m.a. litið til umfangs málsins og sundurliðaðra skýrslna lögmanna, en þau eru ákvörðuð að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og nánar segir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Anna Barbara Andradóttir, settur saksóknari.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Bótakröfu brotþola er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður skal greiðast úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Jónssonar lögmanns, 1.316.587 krónur, en einnig ferðakostnaður hans að fjárhæð 50.400 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur lögmanns, 1.148.512 krónur.